



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Verndarar barna

Kynferðislegt ofbeldi á börnum, árangursmat á
forvarnarverkefni

Sigrún Herdísardóttir

Kennarafræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

Verndarar barna

Kynferðislegt ofbeldi á börnum, árangursmat á
forvarnarverkefni

Sigrún Herdísardóttir

30 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Magister Artium-prófi í félagsvísindum

Kjartan Ólafsson

Kennarafræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, febrúar 2022

Titill: Verndarar barna, kynferðislegt ofbeldi á börnum, árangursmat á forvarnarverkefni

Stuttur titill: Verndarar barna

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2022 Sigrún Herdísardóttir

Öll réttindi áskilin

Kennarafræðideild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Sigrún Herdísardóttir, 2022, meistaraþrófsverkefni, Kennarafræðideild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 97 bls.

Akureyri, febrúar 2022

Ágrip

Það er því miður staðreynd að kynferðislegt ofbeldi á börnum er ekki bara í sjónvarpinu eða í fréttum erlendis frá heldur á það sér einnig stað hér á Íslandi, í nágrenni okkar, húsinu við hliðina eða jafnvel í okkar innsta hring. Kynferðislegt ofbeldi hefur gríðarlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn sem fyrir því verður og getur skaðað hann fyrir lífstíð. Í ljósi þess að algengt er að börn dvelji stóran hluta dags í skóla, frístundum og á æfingum er mikilvægt að kennarar, þjálfarar og aðrir einstaklingar sem koma að umönnun barna séu meðvitaðir og þekki einkenni og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis.

Markmið þessarar rannsóknar er rannsaka árangur forvarnarnámskeiðisins Verndarar barna sem haldið er af samtökunum Barnaheill. Þá er einnig kannað hvort viðhorf og þekking þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis á börnum breytist eftir þátttöku á námskeiðinu. Þetta efni var forrannsakað í lokaverkefni Dagbjartar R. Guðmundsdóttur til MA-gráðu í félagsráðgjöf árið 2012. Notast er við samskonar rannsóknaraðferð og Dagbjört gerði á sínum tíma, þ.e. með mælingu fyrir og eftir námskeið á þekkingu og viðhorfi þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis á börnum.

Sú rannsókn sem hér er lýst er matsrannsókn í formi netkannana með rannsókn á samanburði sama hóps, þ.e. mæling fyrir og eftir námskeið. Fyrir námskeið voru lagðar tvær kannanir fyrir þátttakendur og tvær kannanir eftir námskeið. Rannsóknin er unnin í samstarfi við samtökin Barnaheill.

Úrtakið eru 114 einstaklingar (108 kvk/6 kk). Þátttaka í netkönnunum var mjög misjöfn, mest 74,1% en minnst 22,8%. Þátttakendur eru allt aðilar sem unnu með börnum, flestir við kennslu.

Sökum dræmrar þátttöku er alhæfingargildi rannsóknar takmarkað. Hins vegar benda niðurstöðurnar til þess að námskeiðið hafi aukið þekkingu og færni þeirra sem það tóku á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Má þá leiða líkum að því að markviss og reglubundin fræðsla og kynning á verkferlum skili af sér sjálfsöruggari og hæfari einstaklingum sem búi að betri þekkingu og færni til að koma í veg fyrir og bregðast við komi upp grunur um kynferðislegt ofbeldi.

Abstract

Unfortunately, child sexual abuse (CSA) is a fact, not only in the news or movies but happening in our society, neighborhood or even in our closest circle. CSA has a huge impact on a person and can scar them for life.

Due to the fact that CSA is a big problem it is important that people that work with children, e.g. teachers, coaches and others, are fully trained to know the signs, know protocols and be able to help the children. One of the ways to fight CSA is with prevention. Prevention methods are many but one form of it is prevention education in the form of a course named Verndarar barna or Stewards of children. This course is aimed at people that work with and for children and trains them in how to identify, prevent and respond to CSA.

The aim of this study is to investigate if the course Verndarar barna (Stewards of children) has an impact on knowledge and attitudes to CSA and also if the course participants change their preventive behaviour after finishing the course.

The course is taught by the organization Barnaheill – Save the children in Iceland. The study is a pilot study on the prevention program Verndarar barna and is done in collaboration with Barnaheill – Save the children. The results indicate that sitting the course Verndarar barna increases participants knowledge about CSA and prevention. It also indicates that participants attitudes towards CSA changes as a result to the course and they get more confidence in their ability to act.

Formáli

Verndarar barna er 30 eininga ritgerð lögð fram til fullnaðar meistaraprófi í kennarafræði, yngsta stig við kennarafræðideild á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri. Ritgerðin er byggð á meginlegri rannsókn þar sem árangur af forvarnarverkefningu Verndarar barna hjá Barnaheill var rannsakaður. Þá var rannsakað hvort viðhorf og þekking þátttakanda á kynferðislegu ofbeldi á börnum breytist við að sitja námskeiðið með því að leggja fram kannanir fyrir og eftir námskeið.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
1.1	MARKMIÐ OG TILGANGUR RANNSÓKNAR	2
1.2	RANNSÓKNARGILDI	3
1.3	UPPBYGGING RITGERÐAR.....	3
2	FRÆÐILEG UMFJÖLLUN	5
2.1	RÉTTINDI BARNNA	6
	<i>Réttindi barna á Íslandi</i>	7
2.2	KYNFERÐISLEGT OFBELDI GEGN BÖRNUM	10
	<i>Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi</i>	10
	<i>Flokkun kynferðisafbrotá gegn börnum</i>	12
	<i>Einkenni og afleiðingar</i>	14
	<i>Þolendur</i>	18
	<i>Gerendur</i>	19
2.3	FORVARNIR.....	20
	<i>Samtökin Barnaheill</i>	20
	<i>Forvarnir gegn kynferðisofbeldi</i>	21
	<i>Gagnrýni á forvarnir</i>	23
3	AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR	25
3.1	MEGINDLEGAR RANNSÓKNAR AÐFERÐIR	25
3.2	RANNSÓKNARSPURNINGAR	26
3.3	MATSÆÐFERÐ OG SNIÐ RANNSÓKNAR	26
3.4	FRAMKVÆMD OG GAGNASÖFNUN	27
3.5	MATSTÆKI.....	28
3.6	ÞÁTTTAKENDUR OG ÚRTAK.....	29
3.7	SÍÐFERÐISLEG ÁLITAMÁL.....	30
4	ÚRVINNSLA OG NIÐURSTAÐA	31
4.1	BAKGRUNNUR ÞÁTTTAKENDA	31
4.1.1	KYN OG ALDUR ÞÁTTTAKENDA	32
4.1.2	MENNTUN OG STARF ÞÁTTTAKENDA.....	32
4.1.3	BÚSETA ÞÁTTTAKENDA.....	34
4.2	ÞEKking ÞÁTTTAKENDA.....	34
	<i>Almenn þekking</i>	35
	<i>Gerendur</i>	38
	<i>Tækifæri</i>	40

<i>Einkenni</i>	43
RÉTT SVAR FYRIR NÁMSKEIÐ.....	44
<i>Viðbrögð, tilkynningar & áætlun</i>	45
<i>Eigið viðhorf</i>	47
<i>Forvarnaraðgerðir fyrir og eftir námskeið</i>	50
5 UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR	54
5.1 FORVARNIR	54
5.2 ÞEKING	56
5.3 VIÐHORFSBREYTING	61
6 LOKAORÐ	63
HEIMILDIR	65
VIÐAUKAR	71

Töfluyfirlit

Tafla 1. Kyn þátttakenda.....	32
Tafla 2. Aldur þátttakenda.....	32
Tafla 3. Menntun þátttakenda.....	33
Tafla 4. Starfsheiti þátttakenda.....	33
Tafla 5. Búseta þátttakenda.....	34
Tafla 6. Almenn þekking þátttakenda, rétt svar fyrir námskeið.....	37
Tafla 7. Almenn þekking þátttakenda, rétt svar eftir námskeið.....	37
Tafla 8. Gerendur, rétt svar fyrir námskeið.....	39
Tafla 9. Gerendur, rétt svar eftir námskeið.....	39
Tafla 10. Tækifæri, rétt svar fyrir námskeið.....	41
Tafla 11. Tækifæri, rétt svar eftir námskeið.....	42
Tafla 12. Einkenni, rétt svar fyrir námskeið.....	44
Tafla 13. Einkenni, rétt svar eftir námskeið.....	44
Tafla 14. Viðbrögð, tilkynningar & áætlun, rétt svar fyrir námskeið.....	46
Tafla 15. Viðbrögð, tilkynningar & áætlun, rétt svar eftir námskeið.....	46
Tafla 16. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði fyrir námskeið, flestir framkvæmt.....	50
Tafla 17. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði fyrir námskeið, fæstir framkvæmt.....	51
Tafla 18. Forvarnaraðgerðir þátttakenda eftir námskeið, sannfærðir um að gera.....	52
Tafla 19. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði eftir námskeið, nokkuð sannfærður um að gera ekki.....	53
Tafla 20. Helstu forvarnaraðgerðir þátttakenda, fyrir og eftir námskeið.....	54

1 Inngangur

Málefni barna eru höfundu hugleikin enda má segja að efni snerti höfund bæði í einkalífi sem móðir og einnig í starfi sem lögreglumaður og kennari. Í starfi sem lögreglumaður hefur höfundur komið auga á að í tengslum við kynferðislegt ofbeldi á börnum eru fjölmörg tækifæri til úrbóta, bæði í formi sífelldrar þróunar, aukinnar áherslu á forvarnir og betri og víðtækari úrræða. Þá telur höfundur mikilvægt að áhersla sé lögð á forvarnarstarf og vernd barna gegn ofbeldi og að það sé samfélagsleg ábyrgð að vinna markvisst að þeim málum.

Það er höfundu mikilvægt að rannsóknarefni þessarar ritgerðar verði málaflokknum til gagns og var því haft samband við samtökin Barnaheill sem eru vel þekkt hér á landi fyrir margþætt forvarnarstarf í þágu hagsmuna og verndar barna. Fyrir tilstilli Sigríðar Björnsdóttur, sálfræðings og verkefnastjóra Barnaheill, var höfundu boðið að rannsaka árangur af forvarnarverkefninu Verndarar barna.

Fyrir kennara og alla þá sem starfa að umönnun barna er mjög mikilvægt að þekkja einkenni og áhættuflokka vegna kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum. Ekki síður mikilvægt er að kunna viðeigandi viðbrögð og verkferla, enda eru börn stóran hluta dags í skóla, frístund og félagsstarfi. Í gögnum frá Barnaheill kemur fram að á Íslandi eru 17-36% barna beitt kynferðislegu ofbeldi áður en þau ná 18 ára aldri. Þar af eru 1 af hverjum 3 stelpum og 1 af hverjum 5 strákum (Barnaheill, 2020). Á þessu lífstímabili barnsins, upp að 18 ára aldri, má gefa sér það að fyrir utan fjölskyldu og vini þá umgangist barnið

að mestu þá aðila sem koma að kenngu þess, þjálfun og/eða umönnun á einhvern hátt. Það er því mikilvægt fyrir þá aðila sem koma að þeim störfum að vera vakandi, þekkja einkenni og verkferla og geta unnið faglega til að geta brugðist við á viðeigandi hátt til að lágmarka þann skaða sem börn verða fyrir vegna kynferðislegs ofbeldis.

1.1 Markmið og tilgangur rannsóknar

Markmið þessarar rannsóknar er að meta árangur af forvarnarverkefninu Verndarar barna sem haldið er af samtökunum Barnaheill. Samskonar rannsókn var gerð árið 2012 á árangri þessa námskeiðs og var því kominn tími til að endurtekninga hana. Í þeirri rannsókn sem hér er lýst er kannað hvort að þátttakendur í námskeiðinu Verndarar barna auki þekkingu sína á kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og hvort breyting verði á forvarnarháttum og viðhorfum þeirra til málaflokksins að námskeiði loknu.

Tilgangurinn með þessari rannsókn er að sýna fram á mikilvægi forvarna og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum. Höfundur telur að með því að sitja námskeiðið Verndarar barna öðlist þátttakendur aukna þekkingu og getu til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum og aukið sjálfstraust til að bregðast við grunsemdum, komi þær upp.

Þar sem um er að ræða rannsókn sem hefur áður verið gerð er unnið út frá sömu rannsóknarspurningum og lagðar voru fram áður:

1. Hvort þekking á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum aukist hjá þátttakendum námskeiðisins Verndarar barna?
2. Er viðhorfsbreyting hjá þátttakendum til kynferðislegs ofbeldis gegn börnum eftir að klárað námskeiðið?
3. Eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna breytast þá forvarnaraðgerðir þátttakenda?

Með því að framkvæma rannsóknina á sambærilegan hátt og fyrri rannsókn er það von höfundar að samanburður verði auðveldur og marktækur.

1.2 Rannsóknargildi

Það er höfundi mikilvægt að þessi ritgerð verði til gagns í baráttunni við kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það er trú höfundar að umfjöllun, fræðsla og þekking á málefninu sé mikilvægur þáttur í baráttunni gegn þessu ofbeldi, enda þrífst það best í þöggun og afneitun. Sérstaklega mikilvægt er að efla þá einstaklinga sem vinna með eða sinna umönnun barna.

Rannsókn þessi er framhaldsrannsókn og er unnin í samstarfi við Barnaheill sem sinnir forvörnum og fræðslu um ofbeldi gagnvart börnum.

1.3 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist upp í sex kafla með undirköflum. Kaflarnir eru eftirfarandi: Fyrsti kafli er inngangur að ritgerðinni þar sem farið er yfir innihald ritgerðar. Farið er yfir tilgang og markmið rannsóknarinnar ásamt því að rannsóknarspurningar eru lagðar fram.

Annar kafli ritgerðar fjallar um fræðin á bakvið rannsóknina og málaflokkinn kynferðislegt ofbeldi á börnum. Þá er farið yfir skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi á börnum, afleiðingum, gerendum og fleira. Einnig er farið yfir réttindi barna og forvarnir þar sem samtökin Barnaheill eru kynnt.

Í þriðja kafla er aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar lýst. Þá eru meginlegar rannsóknir útskýrðar ásamt þýði og úrtaki, tilgreint hvaða spurningar voru lagðar fyrir hópana og ásamt úrvinnslu og siðferðilegum álitamálum.

Í fjórða kafla er farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Farið er yfir þá þætti sem rannsóknin náði til þ.e. bakgrunn, kyn, aldur, menntun, starf, búsetu, þekkingu þáttakenda, viðhorf og forvarnaraðgerðir.

Fimmti kafli fjallar um tengsl niðurstöðu rannsóknar við fræðilega hluta ritgerðar.

Að lokum, í sjötta kafla, eru lokaorð höfundar.

2 Fræðileg umfjöllun

Kynferðislegt ofbeldi á börnum getur haft áhrif á líðan og heilsu þolenda. Þær afleiðingar geta varað í stuttan tíma eða verið langvarandi og birtingarmyndin ýmist andlega, líkamlega og/eða félagslega. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) telur að ekki sé hægt að meta með vissu hversu algengt kynferðislegt ofbeldi á börnum sé í raun þar sem vandamálið er mjög dulið. Þolendur kynferðislegs ofbeldis í bernsku halda því oft leyndu, hafa ekki getu til að segja frá brotinu eða þekkingu til að vita að um brot sé að ræða, upplifa skömm eftir að hafa orðið fyrir slíkri reynslu og vilja jafnvel ekki bera fórnarlamba stimpilinn.

Þegar litið er til heimsvísu er kynferðislegt ofbeldi mjög útbreitt og alvarlegt samfélagsmeini sem snertir líf milljónir barna. Því hafa menntamála-, félagsmála-, heilbrigðis- og lagayfirvöld verið hvött til að taka og sýna ábyrgð gagnvart þessu alvarlega vandamáli (WHO, 2014). Íslenskt samfélag er ekki undanskilið þessu meini og er þetta vaxandi vandamál hér á landi. Því til stuðnings má vísa tilí ársskýrslu Barnaverndarstofu sem kom út árið 2020 þar sem fram kemur að árið 2019 hafi orðið mikil fjölgun á rannsóknarviðtölum í Barnahúsi. Viðtölin voru 257 talsins og hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Sú skýring sem gefin er er að skýrslutökum fer fjölgandi, þá sérstaklega hvað varðar grun um kynferðislegt ofbeldi (Heiða Björg Pálmadóttir, 2020). Á fyrstu sex mánuðum síðasta árs (2021) fjölgaði tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi á börnum um 65% miðað við árin tvö á undan og voru 390 talsins (Barnaverndarstofa, 2021).

Til að hægt sé að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og koma í veg fyrir það þarf að auka fræðslu. Aukin þekking getur dregið úr þeim margþættu vandamálum sem koma upp í kjölfar ofbeldisins og þá einnig styrkt og aðstoðað þolendur til að takast á við þá erfiðleika sem brotinu fylgir (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.1 Réttindi barna

Réttindi barna eru bæði alþjóðleg og landlæg, þ.e. fara eftir lögum og reglum þess lands sem barn býr í. Á alþjóðlegum vettvangi má segja að réttindi barna hafi komist á flug á „öld barnsins“ eða undir lok 19.aldar og upphafi 20.aldar. Þá fyrst er barnið metið sem sjálfstæður einstaklingur og þátttakandi í samfélaginu sem hefur réttindi og þarfir líkt og aðrir einstaklingar (Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir, 2014). Með tilkomu Genfaryfirlýsingarinnar árið 1924 öðluðust málefni barna viðurkenningu, m.a. hvað varðar ýmsa þætti og grundvallarreglur varðandi réttindi, umönnun og vernd barna. Þörfin til að bæta stöðu barna var samt til enn staðar, sér í lagi stríðshráð börn, og við tók meiri vinna að réttindum barna. Í kjölfar þeirrar vinnu var Barnasáttmálinn samþykktur í nóvember árið 1959. Hann er í dag útbreiddasti mannréttindasáttmáli í heimi (einungis 1 ríki hefur ekki samþykkt hann, Bandaríkin). Ísland fullgilti sáttmálann þann 27. nóvember 1992 og var hann lögfestur 20. febrúar 2013 (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Í Barnasáttmálanum, greinum 1-41 er fjallað um réttindi barna sem flokka má í þrennt; umönnun, þátttaka og vernd. Aðal áhersluefni sáttmálans eru að börn hafi rétt á að koma skoðunum sínum á málefnum á framfæri með einhverjum hætti. Þá skal sýna því tillit að skoðanirnar eru í samræmi við aldur og þroska barnanna. Það er einnig réttur barna að hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og leiða til að þroskast félagslega. Réttur allra

barna er vernd, til lífs og tjáningarfrelsis, trúar og skoðanafrelsis ásamt því að virða einka- og fjölskyldulíf þeirra (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Í Barnasáttmálanum er fjallað um rétt barna til verndar, meðal annars fyrir kynferðislegri misnotkun og rétt á forvörnum. Í 19. grein Barnasáttmálans segir;

„1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

2. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafna vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.“ (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Sáttmálinn skilgreinir því grunnstoðir með það að markmiði að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi og leggur skyldur á þá sem koma að umönnun barna.

Réttindi barna á Íslandi

Í íslensku samfélagi eru réttindi barna sterk þegar litið er til laga og reglugerða. Má þar nefna Barnasáttmálann, barnaverndarlög og fleira. Þessi réttindi barna snúast einnig að þeim aðilum sem koma að umönnun og starfi með börnum. Þá segir í lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013;

„19. gr. 1. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni (Alþingi, 2013.“ Þegar kemur að opinberum gögnum, rannsóknum og dómum í brotum tengdum kynferðislegu ofbeldi gegn börnum er flokkað eftir alvarleikastigi brotsins og einnig hvort um sé að ræða beina snertingu eða annars konar kynferðislega áreitni (Almenn hegningarlög, nr. 19/1940).

Samkvæmt lögum er hugtakið barn notað yfir einstaklinga sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Þá eru sérákvæði til staðar þar sem barnaverndaryfirvöld geta ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstafnir sem gerðar hafa verið á grundvelli laganna haldist óbreytt eftir að þau hafi náð 18 ára aldri til 20 ára aldurs (Alþingi, 2002:80 gr, 3gr).

Ein mikilvægasta meginregla barnaverndarstarfs er sú að hagsmunir barnsins séu ætíð hafðir í fyrirrúmi og að taka skuli tillit til óska barnsins eins og hægt er útfrá þroska og aldri þess. Þá er reynt að vinna útfrá meðalhófsreglunni og í því felst að barnaverndaryfirvöld geri allt sem þau geta til að almenn úræði séu reynd til stuðnings fjölskyldu áður en gripið er til annarra úrræða. Þá skuli ávallt reynt að beita vægustu ráðstöfunum til að ná að stefndum markmiðum (Davíð Þór Björgvinsson, 2011).

Í 1. ml. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. Barnaverndarlaga segir að öll börn eigi rétt á umönnun, vernd og að njóta réttinda í samræmi við þroska sinn og aldur.

„Allir sem hafa uppeldi og umönnum barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri

vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.“ (Alþingi, 2002: nr. 80).

Sérstök refsíákvæði eru innan tveggja greina barnaverndarlaga og eru þær svo hljóðandi;

„Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsins liggja við samkvæmt öðrum lögum (98.gr.).

„Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum „ (99.gr.).

Ákvæði þessi sem hér eru talin upp að ofan koma öll að því sama, þ.e. að þeir sem sinna umönnun og eða uppeldi barna skuli sýna þeim virðingu, umhyggju og sé með öllu óheimilt að beita þau ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Í fjórða kafla barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu og aðrar skyldur við barnaverndarlög, 17. grein segir að allir þeir sem afskipti hafa af börnum og eða starfa með börnum sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart verði einstaklingur var við ofbeldi eða annað sem stofni barni í hættu. Þá er

sérstaklega tekið fram að leikskólastjórar, leikskólakennarar og margir fleiri sem koma að starfi með börnum sé skylt að fylgjast með uppeldi, hegðun og aðbúnaði barna og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla mætti að aðstæður séu óviðunandi. Einnig segir í 17. grein;

„Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“ (Alþingi, 2002).

Lög og reglugerðir eru í sífeldri þróun með breyttu samfélagi, þótt mörgum þyki þær breytingar gerast hægt. Ein af þeim breytingum sem nýlega hafa orðið og tengjast verndun barna gegn kynferðislegu ofbeldi er breyting á hegningarlögunum með tilkomu viðbótar um stafrænt kynferðisofbeldi. Sú breyting er byggð á skýrslu Maríu Rúnar Bjarnadóttur lögfræðings um úrbætur á þáttum er varða kynferðislegt ofbeldi. Með þessum breytingum er tekið á þeim tækniþróunum og sístækkandi málaflokk í stafrænu ofbeldi. Í greininni kemur fram að ef einstaklingur brýtur á friðhelgi einkalífs annars með því að afla, hnýsast, senda, búa til, skýra frá, dreifa og eða birta efni í heimildarleysi, það á við skjöl, myndir, upplýsingar og fleiri form af einkamálefnum einstakling, hvort sem um ræðir efni í stafrænu og eða hliðrænu formi, þá muni sá sæta sektum eða fangelsi upp að einu ári (Alþingi, 2021).

2.2 Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi

Ólíkar skoðanir og skilgreiningar liggja fyrir á hvað sé kynferðislegt ofbeldi á börnum og eru fræðimenn ekki allir á sama máli um skilgreininguna við rannsóknir. Skilgreiningin er einnig ólík eftir menningu og þjóðerni.

Putnam (2003) segir kynferðislegt ofbeldi ekki vera greiningu eða sjúkdóm heldur líffreyntu, flókna og erfiða sem einstaklingur gengur í gegnum

(Putnam, 2003:269). Gerandi notfærir sér yfirburði sína gegn barninu. Yfirburðir eru í formi þekkingar, valdastöðu og trausts sem barnið ber til gerandans (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Kynferðislegt ofbeldi hefst oft með því að gerandi sýni vinsemd við barnið og komi vel fram við það. Partur af ferli gerandans er oft að fá barnið til að þegja yfir ofbeldinu og notar til þess umbun. Með því verður ofbeldið dulið (Regeringen, 2011).

Höfundur kys að notast við skilgreiningu íslenskra barnaverndaryfirvalda sem tekin var upp árið 2005 og unnin af Freydísi Jónu Freysteinsdóttur. Í þeirri skilgreiningu felur kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í sér allar þær athafnir sem eru kynferðislegar gagnvart barni undir lögaldri, hvort sem er með vilja þess eða án (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012:24). Kynferðislegt ofbeldi gegn barni er einnig ef foreldri og/eða annar aðili beitir barn kynferðislegu ofbeldi með því að fá barnið til að sinna sínum kynferðislegum þörfum og/eða annarra eða misbýður barninu með athöfnum og athugasemdum á kynferðislegan hátt (Barnaverndarstofa, 2012). Þá felur kynferðislegt ofbeldi gegn barni í sér allar kynferðislegu athafnir gagnvart eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barns. Einnig þær kynferðislegu athafnir gagnvart eða með barni 15 ára eða eldri án vilja þess (Barnaverndarstofa, 2012).

Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum alla þátttöku barns í hverskonar kynferðislegum athöfnum sem það skilur ekki til fulls og hefur ekki náð líkamlegum eða andlegum þroska fyrir og er þar af leiðandi ekki fær um að gefa samþykki sitt fyrir (Butchart, A, Harvey, A.P., Mian, M. og Furniss T, 2006). Hugtök eins og skaðleg og/eða óæskileg kynlífsreynsla, kynferðisbrot gegn börnum og kynferðisleg misnotkun (Matthews og Collin-Vézina, 2017) hafa verið notuð en hugtakið kynferðislegt ofbeldi á barni hefur verið notað sem samheiti yfir

þær fjölbreyttu kynferðislegu athafnir sem geta brotið gegn börnum. Þeir þættir sem fela í sér kynferðislegt ofbeldi gegn barni eru til dæmis nauðgun, sífjaspell, vændi, kynferðismök án þess að beitt sé líkamlegu valdi, kynferðisleg áreitni og barnaklám (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2007; Umboðsmaður barna, 2010).

Flokkun kynferðisafbrota gegn börnum

Þegar kemur að rannsóknum og opinberum gögnum er venjan að kynferðisbrot gegn börnum séu flokkuð út frá alvarleikastigi hvers máls (Lovísa Arnardóttir, 2013:44). Í skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndar er kynferðislegu ofbeldi á börnum skipt upp í þrjú flokka eftir alvarleika þar sem flokkur 1 er alvarlegastur og hinir vægari. Þessir flokkar eru ekki tæmandi en flokkast eftirfarandi;

1. Samfarir og/eða munnmök
 - Munnmök við barn eða barn látið framkvæma munnmök við foreldri og eða aðra aðila.
 - Samfarir barns og foreldris og eða annarra aðila (í leggöng og endaparm)
2. Þukl innan klæða á kynfærum
 - Þuklað á barni, innan klæða, á kynfærum og/eða svæðum nálægt kynfærum, t.d. læri, rass, magi og brjóst.
 - Barnið látið þukla eða káfa, innan klæða, á fullorðnum aðila t.d. kynfærin eða nálægt kynfærum, eins og læri, rass, magi og brjóst.
3. Horft á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni
 - Kynfæri sýnd barni í þeim tilgangi að gerandi örvist kynferðislega.

- Kynferðislegar athafnir í áhorfi barns
- Barn látið þukla eða káfa, utan klæða, á fullorðnum aðila t.d. kynfæri eða nálægt kynfærum, eins og læri, rass, magi og brjóst.
- Þuklað eða káfað á barni, utan klæða, á kynfærum eða nálægt kynfærum, eins og læri, rass, magi og brjóst.
- Hoft á barn þegar það er fáklætt og/eða afklæðist og horft á kynfæri þess, t.d. þegar barn fer í bað, fer á salernið og fl.
- Myndir teknar af barni eða barn látið taka af sér myndir í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Barni sýnt klámefni eða efnið haft í návist barns, sem dæmi klámblöð, klámefni á vefnum, klám myndbönd og fl.
- Klúr skilaboð send barni, t.d. sms, messenger eða með öðrum miðlum.
- Barni sagðir klúrir brandarar eða barn er í návist þess sem segir klúra brandara (Barnarverndarstofa, 2012)

Listinn hér að ofan er ekki tæmandi en gefur góða mynd af flokkaskiptingu. Í rannsókn sem gerð var á vegum Barnahúss og Barnaverndarstofu þar sem unnið var með niðurstöður úr viðtölum við börn í Barnahúsi var komist að þeirri niðurstöðu að flokka mætti brot í fimm stig útfrá alvarleika, fyrsta stig vægast og fimmta alvarlegast. Stigin fimm eru;

Stig 1: kynferðislegt tal, káf utan klæða og tilraunir til að kyssa barnið.

Stig 2: kynfæri sýnd, gerandi horfir á nakið barn, kynfæri barns snert utan klæða og gerandi fróar sér að barni ásjáandi.

Stig 3: Gerandi snertir brjóst eða kynfæri barns innan klæða, gerandi fróar barninu eða lætur það fróa sér.

Stig 4: Tilraun til innsetningar í leggöng og eða endaparm barns óháð því hvort það er gert með getnaðarlimi, fingri eða öðrum hlutum, tilraun til munnmaka þar sem innsetning með getnaðarlim í munn barnsins er reynd, munnmök þar sem getnaðarlimur er settur í munn barnsins eða að barnið er látið sleikja kynfæri kvenna.

Stig 5: Fullt samræði við barn í leggöng og eða endaparm.

Stigin eru eins áður segir flokkuð eftir alvarleika. Stig eitt og tvö flokkast sem væg brot, stig þrjú flokkast undir gróf brot og stig fjögur og fimm flokkast undir mjög gróf brot. Samkvæmt rannsóknum á gögnum Barnahúss sem unnin var fyrir UNICEF á Íslandi koma flest börn til rannsóknarviðtals í Barnahúsi vegna brota á stigi fjögur og fimm, þ.e. vegna mjög grófra brota (Lovísa Arnarsdóttir, 2013:44).

Einkenni og afleiðingar

Bernska er það skeið sem barn safnar reynslu af daglegu lífi, bæði með fjölskyldunni og utan þess. Þær neikvæðu upplifanir sem barnið fær á þessu skeiði getur haft gríðarleg áhrif á þroskaferli barnsins að heilbrigðum einstaklingi en á þessum tíma ætti barn að skapa jákvæðar tilfinningar gagnvart þeim sjálfum, öðrum og umheiminum (Trawick-Smith, 2014).

Kynferðislegt ofbeldi hefur víðtæk og mikil áhrif á allt líf barnsins. Hafi barn orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku þá er það talinn áhættuþáttur þegar kemur að geðrænum vandamálum á fullorðinsárum. Þá hafa rannsóknir sýnt að börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eigi í meiri hættu á að eiga við fíknivandamál, svefnvandamál, þunglyndi, kvíða, áfallastreituröskun og átraskanir á fullorðinsárum (Crea Tm, Easton SD, Florio J og Barth RP 2018). Maniglio (2009) greindi yfir 587 rannsóknir þar sem þátttakendur voru yfir 270.000 einstaklingar sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Niðurstöður sýndu að sjálfsvígshugsun, átraskanir, kvíði, þunglyndi, lélegt sjálfsmat, eiturlyfjaneysla, námsörðugleikar og reiði væru meðal annars afleiðingar sem þolandi kynferðislegs ofbeldis þyrfti að vinna úr (Maniglio, 2009:654).

Börn byrja að læra um kyni og kynferði strax frá fæðingu enda er það eðlilegur hluti af lífinu. Það er þó ekki óeðlilegt að í leikskóla fari börn að uppgötva og sjá að kynin eru ólík enda fara þau þá að umgangast jafnaldra sína og læra á félagslega þætti. Börn eru í eðli sínu forvitin og er það ekkert öðruvísi gagnvart líkama sínum og annarra og leita þau því þekkingar og upplýsinga um muninn. Á þeim tímapunkti er algengt og eðlilegt að þau skoði og jafnvel snerti eigin kynfæri og sýni kynfærum annarra barna áhuga í gegnum leik. Það er upp að vissum mörkum eðlilegt og byggt á forvitni (Chrisman og Couchenour, 2004; Park og Breland, 2007).

Ein besta vísending um kynferðislegt ofbeldi er vanlíðan hjá barni. Sú vanlíðan getur haft margs konar birtingarform. Rannsóknir hafa sýnt að algengasta einkenni kynferðislegs ofbeldis hjá börnum sé kynferðisleg hegðun. Kynferðisleg hegðun hjá börnum eru athafnir eins og kynferðislegur leikur, stinga hlutum í leggöng eða endaparm, kynferðislegur leikur með

dúkkur, sjálfsfróun á almannafæri og sjálfsfróun í miklu mæli, ásókn í kynferðislega örvun frá fullorðnum eða börnum, og tælandi hegðun. Þá sýnir barniðvitneskju um kynferðisleg mál sem er alls ekki í samræmi við þroskastig og aldur, en hafa verður í huga hvaðan sú þekking getur komið t.d. stafrænt aðgengi. (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Börn í dag hafa töluvert aðgengi að fjölmiðlum og gætu hafa komist yfir þessar upplýsingar t.d. gegnum sjónvarpið eða internetið. Þá eru eftirfarandi afleiðingar einkennandi fyrir börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi; martraðir, þunglyndi, kvíði, ótti, lágt sjálfsálit, almenn hegðunarvandamál og þá draga þau sig oft í hlé frá vinum og ættingjum. Eitt einkenni er ekki meira lýsandi fyrir börn heldur en annað og eru þau misalvarleg eftir aldri.

Einkenni sem börn á forskólaaldri og yngstu börnin geta farið að sýna eru erfið hegðun og þau geta orðið óstýrilát. Þá geta þau hætt að virða mörk og reglur annarra og missa oft færni sem þau voru búin að tileinka sér og fara jafnvel að væta rúmið aftur (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Samkvæmt rannsókn Modelli, Galvão og Pratesi (2011) á 1.762 börnum sem, sem öll höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 12 ára aldur, var algengara að börn sýndu andleg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi heldur en líkamleg einkenni. Aðeins 4,5% barnanna höfðu sýnt líkamleg einkenni. Fyrir leikskólakennara sem sinna mikið börnum sem ekki hafa náð þeim þroska að tjá sig þá eru það oft líkamlegu einkennin sem eru greinanleg. Þau einkenni sem mikilvægt er að hafa í huga eru;

- Einkennilegt göngulag, óþægindi við að ganga eða setjast niður.
- Blæðing eða annars konar útfærð úr kynfærum.
- Sár, rifur, mar eða önnur eymsli við kynfæri eða rass.
- Kynsjúkdómar

- Truflanir á svefni.
- Verkir við þvaglát
- Líkamlegur sársauki eða aðrir kvillar sem ekki finnast skýringar á.

Einkennin sem hér eru talin miðast þó ekki eingöngu við að brotið hafi verið á barni kynferðislega heldur geta aðrar ástæður legið að baki (Modelli, Galvao og Pratesi, 2012:2; Barker og Hodes, 2005:37; Johnson, 2004:464; Kay, 1999:63).

Öll þessi atriði sem hér hafa verið talin upp ættu að hringja viðvörunarbjöllum hjá þeim einstaklingum sem vinna með börn sem einkenni um kynferðislegt ofbeldi. Fyrri reynsla og upplifun barna kemur oft fram í gegnum daglegar athafnir þeirra. Það er því nokkuð algengt að barn vinni úr þekkingu sinni gegnum leik og teikningar og því líklegt að þar komi fram staða barnsins og hvað þau hafa þurft að þola (Frost, Wortham og Reifel, 2008).

Afleiðingar kynferðisofbeldis fyrir börn geta verið langvarandi og mikil og koma ekki síður fram í leikskólanum heldur en heima við. Það er því mikilvægt að kennarar séu ekki aðeins fróðir um einkenni kynferðislegs ofbeldis heldur einnig búnir þeirri þekkingu til að vinna með barninu í uppbyggingu að betri líðan (Bryndís B. Ásgeirsdóttir, 2011). Starfsmenn leikskóla þurfa að vera vakandi fyrir þeim möguleika að börn séu beitt kynferðislegu ofbeldi en einnig þarf að hafa í huga að þau einkenni sem börn sýna þurfa ekki einskorðast við kynferðislegt ofbeldi heldur geta þau verið svipuð þeim einkennum sem börn sína við annars konar áföll eða ofbeldi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Niðurstöður hafa marg oft sýnt að kynferðislegt ofbeldi á börnum hefur ævilangar afleiðingar fyrir þá einstaklinga sem fyrir því verða. Þær afleiðingar

eru ekki kynbundnar. Íslensk rannsókn sem gerð var á sjö karlmönnum sem allir höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem börn sýndi að ofbeldið hafði miklar afleiðingar á líf þeirra en þeir áttu við margs konar heilsubresti og andleg veikindi að stríða (Sigrún Sigurðardóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Sóley S. Bender, 2012). Þótt ekki sé hægt að staðhæfa varðandi kynbundnar afleiðingar þá hafa erlendar rannsóknir sýnt að karlmenn sem beittir voru kynferðislegu ofbeldi sem börn sýndu fleiri einkenni geðsjúkdóma, t.d. geðrofs og áfallastreitu meðan stúlkur sýndu frekar einkenni átröskunar, kvíða, höfðu truflandi hugsanir, neikvæða sjálfsmynd og fengu martraðir (Daigneault o.fl., 2017). Þá leiddu afleiðingar kynferðislegs ofbeldis drengi frekar til afbrota, sjálfsvígshegðunar, neyslu vímuefna og ofbeldis meðan líkamleg einkenni voru líklegri fyrir konur, til að mynda offita, bakvandamál, þreyta og krabbamein (Daigneault o.fl.2017).

Polendur

Í ritgerð þessari er unnið með aldursflokkinn börn og ungmenni, 0-18 ára, en rétt um eitt af hverjum fimm börnum hér á landi verður fyrir líkamlegu/kynferðislegu ofbeldi áður en þau ná átján ára aldri (Unicef,2019). Hafa þarf í huga að öll börn, á hvaða aldri sem er og af hvaða kyni sem er, með mismunandi bakgrunn og samfélagsstöðu geta orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Modelli, Galvão og Pratesi, 2012) Í fyrstu faraldsfræðilegu rannsókninni um kynferðislegt ofbeldi á börnum á Íslandi kom í ljós að meirihluti þeirra sem urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi voru stúlkur, þrettán ára og yngri. Hrefna Ólafsdóttir (2011) rannsakaði kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á Íslandi á árunum 2000-2001 og komst að þeirri niðurstöðu að stúlkur væru að meðaltali yngri en strákar þegar ofbeldið hófst. Í 28% tilfella voru stúlkur yngri en sex ára þegar ofbeldið hófst en hjá strákum var það í 8% tilvika. Þá kom það einnig fram að mesta hættan væri á að börn væru beitt

kynferðislegu ofbeldi á aldrinum 7-10 ára (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Á Íslandi er talið að um ein af hverjum þremur stelpum og einn af hverjum fimm drengjum verði fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir átján ára aldur (Barnaheill, 2020).

Gerendur

Í gögnum frá Stígamótum og Unicef var aldur geranda í kynferðisbrotamálum barna greindur. Í þeim gögnum voru 52,8% gerenda á aldrinum 14-39 ára, þar af 31% yngri en 18 ára. Þá var gerandi í um 80% tilfella karlmaður. Þau gögn sýna þó ekki raunstöðu dagsins í dag í tölfræði þar sem unnið er með gögn brotþola sem koma til Stígamóta eftir að þau komast á þann stað að geta tjáð sig um brotin, þá getur verið langt síðan að brotin áttu sér stað. Um það bil 70% þeirra sem leita sér aðstoðar hjá Stígamótum (árin 2016-2018) voru á aldrinum 18-39 ára en 95% þeirra urðu fyrir brotunum á aldrinum 5-17 ára (Unicef, 2018). Þá kom einnig fram í gögnum brotþola að 32% gerenda höfðu beitt aðra en brotþola sem leitaði aðstoðar Stígamóta ofbeldi en 64% þolanda sögðust ekki vita hvort þeir væru einu brotþolar geranda síns.

Þá hefur sú alvarlega þróun átt sér stað að fjölgun er í kynferðisbrotum þar sem gerandi er barn að brjóta gegn barni (Unicef, 2018).

Þegar kemur að tengslum gerenda við brotþola þá var voru fjölskyldu tengsl algengustu tengsl þar á milli. Um 22.2 % tilfella og algengast var að gerandi væri frændi, 19.5% tilvika var gerandi faðir/stjúpfaðir, 15.9% tilvika bróðir/stjúpbróðir, 8.7% tilvika fjölskylduvinur, 6.6% tilvika vinur/kuningi, 5.4% tilvika annar aðili, 2.1% tilvika ókunnugur og gift/ur inn í fjölskylduna í 4.3% tilvika. Aðrir aðilar voru nefndir s.s. frænka og móðir/stjúpmóðir en voru mun sjaldnar skráðir gerendur (Unicef, 2013).

Rannsókn Goodman-Brown og félagá sýndi að því meiri tengsl sem eru á milli brotaþola og gerenda því lengri tíma tekur það brotaþola að segja frá ofbeldinu (Goodman-Brown og félagar, 2003).

Við úrvinnslu gagna frá Stígamótum fyrir Unicef kemur í ljós að ólíkt öðrum ofbeldismönnum eru gerendur í kynferðisbrotum á börnum ekki undir áhrifum áfengis þegar brot eiga sér stað og í fjórðungi brota var notast við hótanir til að tryggja þögn fórnarlambis og í 18% tilfella notaði gerandi gjafir handa brotaþola (Unicef, 2013).

Í sömu gögnum kom fram að óháð aldri brotaþola þá var líklegasta staðsetning brots inn á heimili brotaþolans, gerenda eða þá að heimilið er sameiginlegt heimili þeirra beggja, eða alls 17.8% á heimili brotaþola, 32.4% heimili gerenda og 12.7% sameiginlegt heimili þessa beggja (Unicef, 2013).

Kynferðisbrot gegn börnum einkennast oft af mikilli leynd og í flestum tilfellum verða þau þannig að gerandi er einn með þolanda innan luktra dýra og án vitna.

2.3 Forvarnir

Samtökin Barnaheill

Barnaheill eru félagasamtök með aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children. Save the children eiga uppruna sinn að rekja til Bretlands og voru stofnuð þar árið 1919 af Eglantyne Jebb. Á þeim tíma dundu yfir miklar hörmungar í kjölfar fyrri heimstyrjaldar og staða barna var enn viðkvæmari en áður. Eglantyne barðist fyrir rétti barna á vernduðu uppeldi þ.e. að alast upp við frið og öryggi. Eglantyne var brautryðjandi þegar kom að réttindum barna en það var hennar trú að öll börn, óháð búsetu og samfélagsstöðu, ættu rétt á lífi sem væri hamingjuríkt, heilbrigt og fullnægt (Barnaheill, [án ártals]).

Samtökin Barnaheill stofnuð á Íslandi árið 1989. Undirbúningur að stofnun samtakanna hófst árið 1988 þegar sérfræðingar á barna- og unglingsdeild Landsspítalans töldu tímabært að stofna samtök hér á landi með það að markmiði að tryggja réttindi barna í samfélaginu.

Í 2. grein laga Barnaheilla – Save the children á Íslandi stendur;

„Tilgangur Barnaheilla er að stuðla að heimi þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs, verndar, þroska, menntunar og áhrifa í samfélaginu. Barnaheill stuðla að bættri umönnun og þjónustu við börn og vinna að því að ná fram varanlegum breytingum til batnaðar á högum þeirra.“(Barnaheill, 11.maí 2021).

Í sömu grein koma fram markmið Barnaheilla sem eru í fimm liðum og snúa öll að því að tryggja vernd og velferð barna, bæði á Íslandi og í öðrum löndum.

Forvarnir gegn kynferðisofbeldi

Umræðan um málefnið kynferðislegt ofbeldi hefur aukist hér á landi síðustu ár og má þar sérstaklega nefna mikla umræðu í fjölmiðlum landsins, á facebook síðum og í hinu ritaða máli við útgáfu bóka. Í þeim flokki má nefna bókina Myndin af þabba og saga Thelmu (Gerður Kristný og Thelma Ásdísardóttir, 2005). Í sögu Thelmu lýsir Thelma barnæsku sinni og hvernig faðir hennar beitti hana og systur hennar grófu kynferðislegu ofbeldi og seldi þær til annarra manna. Það verður að segjast, með fullri virðingu fyrir öðrum, að Thelma á stóran þátt í þeirri vitundavakningu sem nú á sér stað um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Þá varpaði saga Thelmu ljósi á viðbjóðinn í þöggun og meðvirkni samfélags.

Einnig er hægt að nefna hina ýmsu vefmiðla, samtök, fréttarflutning og fréttaveitur þar sem einstaklingar tjá sig um kynferðislegt ofbeldi, sækja sér

stuðning annarra sem einnig hafa orðið fyrir því og finna sér leið til að skila skömminni.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 9,1% á árinu 2016 miðað við árið á undan. Þá fjölgaði tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu um 5,9% en um 17% á landsbyggðinni (Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2014-2016:2). Fjöldi tilkynninga hefur aukist hratt síðastliðin 3 ár og á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 voru tilkynningar 65% fleiri en síðustu tvö ár þar á undan. Á þessum tíma árið 2021 voru tilkynningarnar 390 talsins. Tilkynningum sem berast frá skólum fer fjölgandi og voru 1118 fyrstu sex mánuði ársins 2021, en 836 tilkynningar á sama tíma árið 2020 og 858 árið 2019.

Þegar skoðað er hvaðan tilkynningar koma kemur í ljós að ótrúlega lágt prósentuhlutfall af tilkynningum til Barnaverndarstofu kemur frá leikskólum. Árið 2016 voru tilkynningar frá leikskólum/gæsluforeldrum aðeins 2,8% af öllum þeim tilkynningum sem bárust. Það má teljast ótrúlega lágt miðað við þann tíma sem barn dvelur í leikskóla (Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2014-2016:10). Tilkynningum frá leikskólum/gæsluforeldrum um grun um kynferðislegt ofbeldi hefur fækkað síðustu ár og voru þær 119 talsins fyrstu sex mánuði ársins 2019 (2,1% af heildarfjölda tilkynninga), 138 talsins fyrstu sex mánuði ársins 2020 (2,1% af heildarfjölda tilkynninga) og 132 talsins fyrstu sex mánuði ársins 2021 (1,9% af heildarfjölda tilkynninga) (Barnaverndarstofa, 2021).

En forvarnir miðast ekki eingöngu á því að gera aðila sem koma að ummönnum barna (hvort sem það eru foreldrar, forráðamenn, kennarar, þjálfarar eða aðrir) hæfara heldur beinast þær líka að börnum með það að markmiði að auka þekkingu þeirra og getu þeirra til að vernda sig sjálf gegn kynferðisofbeldi. Börn á leikskólaaldri ganga í gegnum hraðar breytingar og þroska, bæði andlega, líkamlega og félagslega og þurfa aukna þekkingu og færni til að verjast gegn ofbeldi. Rannsókn hefur sýnt að þjálfun í áhættu greiningu miðuð að því að vernda börn fyrir kynferðislegu ofbeldi virkaði vel á þriggja ára börn og jók þekkingu þeirra fyrir þáttum er varða eigið öryggi (Kenny MC, 2010). Þá jókst þekking á færni leikskólabarna til að greina milli viðeigandi og óviðeigandi snertinga eftir fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum (Kenny MC, Wurtele SK og Alonso L. 2012).

Gagnrýni á forvarnir

Engin leið er án gagnrýni og það sama á við forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. En gagnrýni er ekki af hinu slæma og þörf á henni til að þróast og gera betur.

Með forvörnum er ekki verið að reyna að hræða börn, veita þeim óeðlilegar upplýsingar eða færa ábyrgð frá gerenda yfir á þau. Til að forvarnir skili því sem ætlast er til er mikilvægt að vanda aðferðir, orðalag og nálgun við fræðsluna og aðlaga hana að þroska og aldri þeirra sem verið er að fræða. Þegar dregnar eru saman niðurstöður nokkurra erlendra rannsókna á áhrifum kynferðislegs ofbeldis á börnum og forvarnir þá sýna rannsóknir í mörgum tilfellum að þekking barna og færni aukist við forvarnir og fræðslu. Við greiningar á 46 rannsóknum um kynferðislegt ofbeldi kom fram að höfundar þeirra rannsókna vildu ekki staðhæfa niðurstöður sökum erfiðleika í aðferðafræði, t.d. stærð

þýðis, kynjaskipting þátttakenda og fleira. Dæmi voru um að í helming þessara rannsókna voru neikvæðir þættir sem komu fram við forvarnarfræðslu barna. Þeir þættir voru kvíði, hræðsla við ókunnuga, börn urðu vör um sig varðandi snertingu, martraðir, væta rúmið og fleira (Rudolph, J. og Zimmer-Gembeck, M.J. 2018). Þessar niðurstöður undirstrika hversu viðkvæmt efnið er og einnig hversu viðkvæmt rannsóknarefni börn eru.

3 Aðferð og framkvæmd rannsókna

Almennt þegar kemur að rannsóknaraðferðum í félagsvísindum er notast við tvö tvenns konar aðferðir, eigindlegar rannsóknaraðferðir og meginlegar (Neuman, 2006). Í rannsókn þessari var notast við meginlegar rannsóknaraðferðir og verður hér fjallað um þá aðferð.

3.1 Meginlegar rannsóknaraðferðir

Meginlegar rannsóknaraðferðir fela í sér að notast er við rannsóknir sem byggðar eru á tölulegum gögnum (mælanlegum staðreyndum). Til meginlegra rannsóknaraðferða flokkast til dæmis spurningalistar sem lagðir eru fyrir það úrtak sem rannsóknin á að fjalla um. Ástæðan fyrir því að meginleg rannsóknaraðferð var valin í rannsókn þessari, fram yfir eigindlega rannsóknaraðferð, er að ef rannsóknin er rétt unnin með meginlegum aðferðum þá er hægt að alhæfa með það þýði sem unnið var með. Með þessum hætti gefst tækifæri til að rýna í raunstöðu og mæla, telja og vega hann. Þá gefst um leið tækifæri til að bera saman ólíka hópa á fjölbreyttan hátt og loks draga ályktanir um það þýði (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Í upphafi rannsóknar leggur rannsakari fyrir tilgátu sem hann mun með rannsókn sinni ýmist sanna eða afsanna. Í meginlegum aðferðum er ferlið oftast þannig að spurningalistar/kannanir, tilraunir og eða önnur fyrirbyggjandi gögn eru unnin. Áhersla er lögð á að skoða hvernig hópar tengjast og hvernig dreifing er milli hópanna. Það eru margir kostir við meginlegar rannsóknir og þar má til dæmis nefna að rannsakari hefur sjálfur lítil tengsl við þátttakendur rannsóknar og hefur þannig lítil áhrif á þá. Með því viðhelst ákveðin fjarlægð frá rannsóknarefninu. Helsti gallinn er þó að ekki er hægt að kafa djúpt í reynslu

og upplifanir einstaklinga líkt og eiginlegar rannsóknir bjóða upp á (Sigurlína Davísdóttir, 2003).

3.2 Rannsóknarspurningar

Markmið með þessari rannsókn er að athuga árangur af forvarnarverkefninu Verndarar barna sem Barnaheill heldur fyrir einstaklinga sem starfa með börnum/ungmennum. Metið er hvort námskeiðið styrki þátttakendur með aukinni þekkingu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og hafi áhrif á forvarnaraðgerðir þeirra og viðhorf.

Rannsóknin er framhald af forrannsókn sem var unnin árið 2012 á sama efni. Lagðar voru fram sömu rannsóknarspurningar og gert var árið 2012;

Eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna, eykst þekking þátttakenda á kynferðislegu ofbeldi barna?

Eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna verður breyting á viðhorfum þátttakenda til kynferðisofbeldi?

Eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna, verða breytingar á forvarnaraðgerðum þátttakenda?

3.3 Matsaðferð og snið rannsóknar

Þessi rannsókn flokkast sem matsrannsókn (e. Program evaluation) en þessi konar rannsókn flokkast markvisst sem aðferð til að safna, greina og nota upplýsingar til að svara spurningum um verkefni, stefnur og efni, sérstaklega er varðar skilvirkni og hæfni. Þegar velja skal verkefni til að rannsaka skal hafa fimm staðlaðar spurningar í huga;

Geta niðurstöður af þessu mati haft áhrif á ákvarðanir varðandi verkefnið?

Getur matið farið fram í tíma svo það teljist gagnlegt?

Er verkefnið nægilega mikilvægt til að réttlæta mat?

Er árangur verkefnis álitinn lélegur/vandamál?

Er verkefnið enn í þróun og þá hvar staddur í því ferli? (Newcomer, K.E., Hatry, H.P., Wholey, J.S., 2015).

Rannsókn þessi er fyrir- og eftir matranssókn (e.pretest-posttest evaluation) þar sem spurningalistar voru sendir á rafrænu formi á alla þátttakendur. Fyrir námskeið fengu þátttakendur senda til sín tvær kannanir. Fyrri var spurningalisti með 30 spurningum þar sem lagt var mat á þekkingu og viðhorf þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis gegn börnum. Seinni könnunin var í formi 24 fullyrðinga þar sem verið var að kanna til hvaða forvarnaraðgerða þátttakandinn hafði gripið til síðustu sex mánuði fyrir námskeiðið. Að loknu námskeiði fengu þátttakendur senda til sín samskonar kannanir á rafrænu formi til að kanna hvort breyting hafi orðið á þekkingu og viðhorfi þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis á börnum og einnig kannað með framtíðar forvarnaraðgerðir.

Í þessari rannsókn var notast við nafnleynd og eru þá rafrænir spurningarlistar hentugir. Þá þarf að gæta vel að uppsetningu þessara spurningalista hvað varðar hönnun, orðalag, uppsetningu og einnig að það sé skýrt hvað sé verið að spyrja um því rannsakari er ekki á staðnum til að svara spurningum (Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2013; Grétar Þór Eypórsson, 2013).

3.4 Framkvæmd og gagnasöfnun

Áður en rannsókn hófst settu samtökin Barnaheill sig í samband við Persónuvernd til að kanna hvort tilkynna þyrfti rannsóknina sem reyndist ekki vera raunin. Í kynningarbréfi sem var sent á alla þátttakendur fyrir námskeiðið

var tekið fram að þátttakendum væri frjálst að hafna þátttöku og gætu þeir líka hætt þátttöku á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er, án nokkurra útskýringa eða afleiðinga. Þá var þeim kynnt að öll svör sem veitt yrðu í rannsókninni yrðu meðhöndluð samkvæmt ströngustu reglum um trúnað og nafnleynd og farið að íslenskum lögum í hvívetna varðandi persónuvernd, vinnslu og eyðingu frumgagna. Svör yrðu ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda við niðurstöðu.

Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 1. febrúar – 26. mars 2021 og sá Barnaheill um þá söfnun. Unnið var með forritið Survey monkey þar sem rannsakari setti upp 4 kannanir. Þær kannanir voru síðan lagðar fyrir af leiðbeinanda námskeiðis og kom rannsakari því ekki að því að leggja kannanirnar fyrir. Að lokinni gagnaöflun tók rannsakari við niðurstöðum úr Survey monkey og flutti yfir í SPSS tölfræðiforritið og excel.

Þrátt fyrir slæmar heimtur í nokkrum þáttum rannsóknarinnar var ákveðið að höfðu samráði við leiðbeinanda að notast við alla þætti rannsóknar.

3.5 Matstæki

Eins og áður var nefnt var unnið með spurningarlista í rafrænu formi. Um er að ræða tvenns konar kannanir, könnun A og könnun B. Könnun A innihélt 30 spurningar, fyrstu 5 spurningarnar vörðuðu bakgrunnsupplýsingar um aldur, kyn, búsetu, menntun og starf en hinar 25 spurningarnar voru til að kanna þekkingu og viðhorf þátttakanda til kynferðislegs ofbeldis gegn börnum. Svarmöguleikar í könnun A voru þrír: Sammála, ekki viss, ósammála (sjá viðauka 1). Í könnun B voru 24 fullyrðingar sem allar snerust um forvarnaraðgerðir þar sem þátttakandi var beðinn um að haka við þær forvarnaraðgerðir sem hann hafði framkvæmt síðastliðna sex mánuði fyrir námskeiðið (sjá viðauka 2). Eftir að námskeiði lauk var samskonar könnun lögð

fyrir þátttakendur til að kanna hvort breyting hafði orðið á þekkingu og viðhorfi þátttakenda eftir að hafa setið námskeiðið (sjá viðauka 3). Loks var könnun um forvarnaraðgerðir lögð fyrir þátttakendur. Sú könnun innihélt samskonar 24 fullyrðingar og í könnun B en núna áttu þátttakendur að merkja við hvað þau teldu sig muna gera næstu 6 mánuði eftir að námskeiði lauk. Þá var boðið upp á þrjá svarmöguleika: Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta, nokkuð viss um að ég muni gera þetta, nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta (sjá viðauka 3).

Eins og áður hefur verið nefnt þá er þetta rannsókn sem byggð er á forrannsókn sem fór fram árið 2012. Ákveðið var að notast við sömu spurningar og fullyrðingar og notaðar voru þá en þó með þeim breytingum að spurt var í tvennu lagi, þ.e. spurningalisti og fullyrðingar voru hafðar í sitthvorri könnuninni til að auðvelda greiningarvinnu. Þá var einnig gerð sú breyting að spurningalistar voru lagðir fram í rafrænu formi. Sú aðferð var ákveðin sökum þess að námskeiðið fer núna fram rafrænt og hópar koma ekki saman vegna covid19.

3.6 Þátttakendur og úrtak

Námskeiðið Verndarar barna er ætlað einstaklingum sem vinna með börnum. Notast var við markvissat úrtak (e. Purposive sample) við val á þátttakendum í þessari rannsókn en þá eru þátttakendur valdir útfrá ákveðinni reyngu eða þekkingu sem þeir búa að (Esterberg, 2002). Rannsóknartímabilið var frá 1. febrúar 2021 til og með 26. mars 2021 og var úrtakið allir þeir einstaklingar sem sátu námskeiðið Verndarar barna á þeim tíma, eða alls 114 einstaklingar (108 kvk/6 kk) sem fengu senda til sín rafræna spurningarlista.

Rafrænu spurningarlistarnir voru í heild fjórir, eða tveir fyrir námskeið og tveir eftir námskeið. Þátttaka var mjög dræm í þeim öllum eða minnst 17,54% og hæst 57,02%.

3.7 Siðferðisleg álitamál

Rannsakari getur ekki týnt til nein siðferðisleg álitamál varðandi tengsl hennar við þessar rannsókn þar sem þau eru í raun engin. Rannsakari sá ekki um gagnasöfnun né námskeiðinu fyrir sem verið er að meta árangur af. Þá tengist rannsakari samtökunum Barnaheill ekki á nokkurn hátt. Engin tengsl eru við þátttakendur rannsóknar önnur en þau að þátttakendur fengu kynningarbréf um rannsakara til að kynna hana. Rannsakari sat námskeiðið Verndarar barna sjálf meðan á rannsóknarferlinu stóð til að sjá með beinum hætti hvernig fræðslan færi fram. Þá hafði rannsakari áður setið námskeið hjá Barnaheill um málefnið kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

4 Úrvinnsla og niðurstaða

4.1 Bakgrunnur þátttakenda

Hér eru tekin saman svör þeirra 48 einstaklinga sem svöruðu spurningalistanum sem sendur var fyrir námskeiðið. Fyrstu 5 spurningarnar á þeim spurningalista sneru að bakgrunnsupplýsingum um þátttakendur þar sem spurt var um; kyn, aldur, búsetu, menntun og starf. Alls var úrtakið 114 einstaklingar, 108 konur (95%) og 6 karlmenn (5%). Þar sem einungis 48 einstaklingar svöruðu spurningalistanum er einungis hægt að greina þann hluta þátttakenda og óvissa er því um bakgrunnsupplýsingar hjá 58% þátttakenda á þessu námskeiði.

4.1.1 Kyn og aldur þátttakenda

Tafla 1 hér að neðan sýnir kyn þátttakenda sem tóku þátt í rannsókninni.

Tafla 1. Kyn þátttakenda

<i>KYN</i>	<i>TÍÐNI</i>	<i>HLUTFALL</i>
<i>KONA</i>	44	91.7%
<i>KARL</i>	4	8.3%
<i>SVARAR EKKI</i>	0	0%
<i>HEILDARFJÖLDI</i>	48	100%

Í töflu 2 sést aldursskipting þátttakenda í rannsókninni en yngsti þátttakandi er á 24 aldursári og elsti á 64 aldursári. Í töflunni var aldur þátttakenda flokkaður í fimm flokka og spannaði hver flokkur 10 ár. Stærsti flokkurinn er 31-40 ára með 18 þátttakendur eða 37.5% af heildarfjölda.

Tafla 2. Aldur þátttakenda

<i>ALDUR</i>	<i>TÍÐNI</i>	<i>HLUTFALL</i>
<i>– 30 ÁRA</i>	4	8.3%
<i>31 – 40 ÁRA</i>	18	37.5%
<i>41 – 50 ÁRA</i>	12	25%
<i>51 – 60 ÁRA</i>	11	22.9%
<i>61 – 70 ÁRA</i>	3	6.2%
<i>SVARAR EKKI</i>	0	0
<i>HEILDARFJÖLDI</i>	48	100%

4.1.2 Menntun og starf þátttakenda

Menntunarstigi þátttakenda rannsóknarinnar þurfti að skipta skráningunni upp ólíkt því sem gert var í fyrri rannsókn þar sem breytingar hafa orðið á grunnmenntun kennara sem leiðir til kennsluréttinda, þ.e. eldri kennaramenntun, B.Ed og M.Ed. Stærsti hluti þátttakenda hafði lokið grunnnámi í háskóla (en til þess flokkast til að mynda B.Ed) eða 21 einstaklingur

(43.7%). Af þeim 21 voru 7 einstaklingar sem lokið höfðu B.Ed (14.6%). Þá voru 5 einstaklingar sem höfðu lokið B.S. í hjúkrunarfræði (9.6%).

Fæstir af þátttakendum höfðu aðeins lokið grunnskólamenntun eða 4 einstaklingar en flestir þátttakenda höfðu menntun tengda kennslu, þ.e. eldri kennaramenntun, B.Ed og/eða M.Ed, 20 einstaklingar af 48 eða 41.7%.

Tafla 3. Menntun þátttakenda

MENNTUN	TÍÐNI	HLUTFALL
GRUNNSKÓLAMENNTUN	4	8.3%
FRAMH.SK/IÐNMENNTUN	5	10.4%
GRUNNNÁM HÁSKÓLI	21	43.7%
FRHNÁM HÁSKÓLI	11	22.9%
KENNARAMENNTUN	7	14.6%
SVARAR EKKI	0	0
HEILDARFJÖLDI	48	100%

Störf þátttakenda voru líkt og menntun, flest tengd umönnun barna, aðallega gegnum kennslu eins og sérkennari, deildarstjóri og fleira.

Tafla 4. Starfsheiti þátttakenda

STARFSHEITI	FJÖLDI (n)	HLUTFALL
Aðst.skólastjóri/skólastj	2	4.2%
Umsjónarkennari	6	12.5%
Grunnskóla kennari	5	10.4%
Leikskóla kennari	6	12.5%
Leiðbeinandi	6	12.5%
Skólaliði	1	2.1%
Hjúkrunarfræðingur	5	10.4%
Deildarstjóri	5	10.4%
Sérkennsla	2	4.2%
Verkefnastjóri	4	8.3%
Annað	6	12.5%

4.1.3 Búseta þátttakenda

Búsetu þátttakenda rannsóknarinnar var skipt upp eftir umdæmisskiptingu landsins; Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vestmannaeyjar, Suðurland, Austurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Vestfirðir og Vesturland.

Tafla 5. Búseta þátttakenda

<i>LANDSHLUTI</i>	<i>TÍÐNI</i>	<i>HLUTFALL</i>
<i>HÖFUÐBORGARSV</i>	11	22.9%
<i>SUÐURNES</i>	0	0%
<i>VESTMANNAEYJAR</i>	0	0%
<i>SUÐURLAND</i>	5	10.4%
<i>AUSTURLAND</i>	0	0%
<i>NORÐURLAND EYSTRA</i>	7	14.6%
<i>NORÐURLAND VESTRA</i>	0	0%
<i>VESTURLAND</i>	25	52.1%
<i>SVARAR EKKI</i>	0	0%
<i>HEILDARFJÖLDI</i>	48	100%

4.2 Þekking þátttakenda

Tveir spurningalistar voru lagðir fyrir þátttakendur og innihéldu 20 spurningar til að kanna beint þekkingu þeirra á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Spurningunum var skipt upp í sex undirflokk;

1. Almenn þekking
2. Gerendur
3. Tækifæri
4. Einkenni
5. Viðbrögð, tilkynningar & áætlun

6. Eigið viðhorf

Vegna lélegs svarhlutfalls eru svör þátttakenda ekki marktæk. Þrátt fyrir það var unnið er með þau svör sem bárust, en spurningalistinn var tvískiptur. Alls svöruðu 48 einstaklingar spurningalista sem lagður var fyrir fyrir námskeið og 35 svöruðu spurningalista eftir námskeið. Eingöngu er hægt að gefa sér það að svör þátttakenda gefi vísbendingu um stöðu fyrir og eftir námskeiðið Verndarar barna vegna svarhlutfalls.

Auk spurningalista var fram listi yfir forvarnaraðgerðir sem þátttakendur voru beðnir að fylla út. Fyrir námskeið var lagður fyrir þátttakendur listi yfir þau forvarnatriði sem einstaklingurinn hafði nýtt sér undanfarna 6 mánuði. Alls 65 einstaklingar fylltu út þann lista. Eftir að námskeiði lauk var lagður fyrir þátttakendur listi yfir forvarnatriði og áttu einstaklingar að svara hvaða atriði þeir teldu að þeir myndu nýta sér næstu 6 mánuði, 20 þátttakendur svöruðu.

Almenn þekking

Þær spurningar er sneru að almennri þekkingu þátttakenda á kynferðislegu ofbeldi voru um heimilisaðstæður þeirra barna er verða fyrir kynferðislegu ofbeldi, tíðni og meðalaldur. Ekki var notast við sömu spurningar í fyrri og seinni lista en sömu hlutir kannaðir.

Í spurningunni er varðar heimilisaðstæður barna er verða fyrir kynferðislegu ofbeldi voru rétt svör 91.7% í könnun fyrir námskeið en rétt svör eftir námskeið 88.6%. Markmið spurninganna var að beina athyglinni að því að kynferðislegt ofbeldi getur átt sér hjá öllum tegundum fjölskyldna. Í spurningunum er varða tíðni þá voru rétt svör fyrir námskeið 62.5% en eftir námskeið 51.4%. Raunin

er sú að stelpur eru líklegri til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en 1 af hverjum 3 stelpum og 1 af hverjum 5 strákum á Íslandi eru beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Þegar spurt var um meðalaldur barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi voru rétt svör fyrir námskeið 20.8% og eftir námskeið 31.4%. Miðgildis aldur barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru 9 ár en miðað er við að börn séu á aldrinum 0-18 ára og miðgildið því 9 ár.

Ekki miklar breytingar eru á þekkingu fyrir og eftir námskeið, en leiða má líkum að því að þekking hafi aukist í einum þætti af þrem er varðar þekkingu eftir námskeið.

Tafla 6. Almenn þekking þátttakenda, rétt svar fyrir námskeið

	Rétt svar fyrir námskeið:
<i>Kynferðislegt ofbeldi á börnum á sér stað í öllum tegundum fjölskyldna, óháð menntun, tekjum eða stöðugleika.</i>	91.7%
<i>Strákar eru líklegri til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en stúlkur</i>	62.5%
<i>Samkvæmt skilgreiningu laga nær hugtakið „kynferðislegt ofbeldi á börnum“ yfir hvers konar kynferðislega snertingu á börnum – en tekur ekki til þess ef börnum er sýnt klámfengið efni</i>	72.9%
<i>Jafn mörg börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru í hópi þeirra barna sem eru yngri en 9 ára og þeirra sem eru eldri en 9 ára (miðgildisaldur þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er 9 ár)</i>	20.8%

Tafla 7. Almenn þekking þátttakenda, rétt svar eftir námskeið

	Rétt svar eftir námskeið
<i>Kynferðislegt ofbeldi á börnum á sér aðallega stað í fjölskyldum sem búa við fátækt, óstöðugleika og óreglu.</i>	88.6%
<i>Ein af hverjum fjórum stúlkum og einn af hverjum sex drengjum eru beitt kynferðislegu ofbeldi áður en þau verða 18 ára.</i>	51.4%
<i>Jafn mörg börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru í hópi þeirra barna sem eru yngri en 9 ára og þeirra sem eru eldri en 9 ára (miðgildisaldur þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er 9 ár).</i>	31.4%

Gerendur

Næsti flokkur spurninga snerist um gerendur og þekkingu þátttakenda á þeim aðilum sem brjóta kynferðislega á börnum, þ.e. fjölda fórnarlamba, aldur gerenda, tengsl geranda og fórnarlamb, aðferðir sem þeir beita og þess konar. Spurningarnar voru ekki eins orðaðar í fyrri og seinni spurningalista og vegna líttillar þátttöku eru niðurstöður ekki marktækar.

Þegar spurt var um tengsl gerenda við fórnarlömb voru rétt svör fyrir námskeið 75% en eftir námskeið 94.3% sem er töluverð hækkun á réttu svarhlutfalli. Þegar litið er til tengsla milli gerenda og brotaþola þá þekkja 80-90% barna þann sem beitir þau ofbeldinu og í um 60% tilvika er gerandinn tengdur barninu fjölskyldu-, vina- og/eða kunningja böndum. Þegar spurt var um aldur gerenda voru rétt svör fyrir námskeið 53.2% en eftir námskeið 50%, sem örlítill hnignun á réttu svarhlutfalli. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að gerendur í kynferðisbrotum gegn börnum eru í 30-50% tilfella sjálfir undir 18 ára aldri.

Aðferðir gerenda í kynferðisbrotum gegn börnum eru í flestum tilfellum þannig að þeir vinna markvisst að því að ná trausti og mynda tengsl við barnið. Þekking þátttakenda á aðferðum gerenda var fyrir námskeið 58.4% en eftir námskeið 91.4%. Það eru því líkur sem benda til þess að þekking þátttakenda á gerendum í kynferðisbrotum gegn börnum aukist með þátttöku á námskeiðinu.

Tafla 8. Gerendur, rétt svar fyrir námskeið

	Rétt svar fyrir námskeið
<i>Meira en 50% þeirra barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi voru beitt því af ókunnugum aðila.</i>	75%
<i>Til að koma í veg fyrir að börn þeirra verði fyrir kynferðislegu ofbeldi ættu foreldrar að leggja meiri áherslu á að vernda börn sín gegn ókunnugum en fólki sem þau þekkja.</i>	72.9%
<i>Flestir þeirra sem beita börn kynferðislegu ofbeldi skipuleggja það ekki fyrirfram. Ofbeldið á sér stað fyrirvaralaust og án nokkurrar skipulagningar í aðstæðum þars em gerandinn er fyrir tilviljun með barninu.</i>	58.3%
<i>Foreldrar ættu EKKI að hafa of miklar áhyggjur af eldri eða stærri ungmennum sem líta eftir börnum þeirra þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að einungis lítil prósentu kynferðisbrotamanna eru ungmenni sem eru eldri eða stærri en fórnarlömbin.</i>	53.2%

Tafla 9. Gerendur, rétt svar eftir námskeið

	Rétt svar eftir námskeið
<i>Um það bil 40% af þeim sem beita kynferðislegu ofbeldi eru ungmenni sem eru ýmist eldri eða stærri en þolendur.</i>	50%
<i>Af öllum þeim börnum sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi hafa 90% þeirra þekkt gerandann.</i>	94.3%
<i>Þeir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi lokka börn oft til sín með því að gefa þeim gjafir, eyða tíma með þeim eða bjóðast til að hjálpa foreldrum þeirra.</i>	82.9%
<i>Meirihluti kynferðisbrotamanna hafa beitt yfir 400 börn kynferðislegu ofbeldi (eiga sér yfir 400 fórnarlömb).</i>	57.1%
<i>Oft segja börn ekki frá kynferðislegu ofbeldi vegna þess að brotamennirnir rugla þau í rýminu um hvað sé rétt og hvað sé rangt.</i>	91.4%

Tækifæri

Þessum hluta spurningalistans var ætlað að kanna þekkingu þátttakenda á því hvernig hægt væri að fækka tækifærum gerenda til að brjóta kynferðislega á börnum. Hvort sem um er að ræða aðstæður með fjölskyldu eða vinum, á internetinu, í skólanum, félagsstarfi og eða íþróttum, þá er hægt að leita leiða til að draga úr líkum á því að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað. Þátttakendur voru spurðir hvort afskipti með óvæntri heimsókn til fjölskyldumeðlims eða barnapíu þegar barn er í umsjón þeirra myndi auka vernd barnsins. Fyrir námskeið svöruðu 60.4% þeirra rétt, þ.e. að það myndi draga úr tækifærum til kynferðislegs ofbeldis ef fullorðinn einstaklingur myndi koma óvænt í heimsókn. Eftir námskeiðið svöruðu 88.6% því rétt að það væri hægt að beita áhrifaríkum leiðum til að vernda barn þegar það er í umsjá fjölskyldumeðlims/barnapíu. Leiðir gerenda til að ná til barna gegnum internetið hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin ár með aukinni tækni og aðgengi. Fyrir námskeið vissu 47.9% þátttakenda að fleiri en 5% barna fá kynferðisleg tilboð eða hvatningu í gegnum netnotkun en eftir námskeið svöruðu 67.6% þeirra að minnsta kosti eitt af hverjum fimm börnum fá kynferðislegar beiðnir og tilboð gegnum netið.

Þegar kemur að forvarnarstarfi varðandi félög og stofnanir þá vissu 95.8% þátttakenda fyrir námskeið að samtök ættu að kanna vel bakgrunn og sakavottorð þeirra sem ynnu eða kæmu að starfi með börnum. Þá ætti að taka viðtöl og tala við vini umsækjenda og fyrri vinnuveitendur. Eftir námskeið voru það 68.6% þátttakenda sem voru ósammála því að könnun sakavottorðs starfsmanna væri nóg til að tryggja öryggi barna og unglinga hjá félögum og stofnunum. Þegar kom að spurningum varðandi einkafundi barns og fullorðins einstaklings var töluverður munur á svörum þátttakenda fyrir og eftir námskeið. Fyrir námskeið töldu 22.9% þátttakenda að rannsóknir hefðu leitt

það í ljós að ekki væru marktæk áhrif á vernd barna ef komið væri í veg fyrir einkafundi barns og fullorðins einstaklings en eftir námskeið vissu 85.7% þátttakenda að félög og stofnanir sem ynnu með börnum ættu að koma í veg fyrir einkafundi barns og starfsmanns/sjálfbóðaliða með það fyrir augum að vernda börn gegn mögulegri kynferðislegri áreitni.

Tafla 10. Tækifæri, rétt svar fyrir námskeið

	Rétt svar fyrir námskeið
<i>Þegar barn er í umsjá fjölskyldumeðlims eða annarrar barnapíu – myndi það hjálpa til við að vernda barnið gegn kynferðislegu ofbeldi ef annar fullorðinn einstaklingur myndi óvænt kíkja í heimsókn til að tryggja að aðstæðurnar séu í auglýs annarra og aðgangur annarra auðveldur.</i>	60.4%
<i>Rannsóknir sýna að færri en 5% barna sem nota internetið fá kynferðisleg tilboð eða hvatningu.</i>	47.9%
<i>Félög og stofnanir sem vinna með ungmennum og vilja vernda þau gegn kynferðislegu ofbeldi ættu að kanna vel bakgrunn alls starfsfólks og sjálfbóðaliða; skoða sakavottorð, taka viðtöl og tala við vini umsækjenda og fyrri vinnuveitendur.</i>	95.8%
<i>Rannsóknir hafa leitt í ljós að það að koma í veg fyrir að barn og fullorðinn einstaklingur séu ein saman hefur EKKI marktæk áhrif þegar kemur að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.</i>	14.6%

Tafla 11. Tækifæri, rétt svar eftir námskeið

	Rétt svar eftir námskeið
Rannsóknir sýna að a.m.k eitt af hverjum 5 börnum sem nota internetið fá kynferðislegar beiðnir og tilboð.	67.6%
Þegar barn er í umsjá fjölskyldumeðlims eða annarrar barnapíu þá er ekki hægt að beita neinum áhrifaríkum aðferðum til að vernda barn gegn kynferðislegu ofbeldi.	88.6%
Til að vernda börn kynferðisbrotamönnum á netinu ættu þau ekki að hafa aðgang að tölvum í herbergjum sínum.	42.9%
Félög og stofnanir sem vinna með ungmennum og hafa kannað sakaskrá starfsmanna sinna hafa gert allt sem þau geta gert til að tryggja öryggi þeirra barna og unglunga sem viðkomandi starfsmenn og sjálfboðaliðar eiga að vinna með.	68.6%
Félög og stofnanir sem vinna með börnum og unglungum ættu að koma í veg fyrir samskipti barns og fullorðins einstaklings undir fjögur augu; einkafundi barns og starfsmann eða sjálfboðaliða – með það fyrir augum að vernda börn gegn mögulegu kynferðislegu ofbeldi.	85.7%

Einkenni

Í þessum flokk var spurt um almenna þekkingu þátttakenda á einkennum kynferðislegs ofbeldis. Þegar kemur að því að sjá hvort barn verði eða hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða ekki þá eru merkin í flestum tilfellum ekki augljós. Þegar þátttakendur voru spurðir fyrir námskeið um merki kynferðislegs ofbeldis þá svöruðu 62.5% þeirra því rétt að merki þess eru yfirleitt ekki augljós en eftir námskeið voru það 85.7% sem svöruðu því rétt. Þótt merkin séu ekki augljós þá eru ákveðin merki til staðar. Fyrir námskeið vissu 89.6% þátttakenda að barn sem verður fyrir kynferðislegu ofbeldi getur tekið upp á því að pissa undir á nóttunni eða fá martraðir. Eftir námskeið vissi 91.4% þátttakenda að börn sem eru misnotuð kynferðislega kvarta oft undan eymslum í líkamanum.

Afleiðingar kynferðislegt ofbeldis eru margvíslegar. Fyrir námskeið töldu 2.1% þátttakenda að meira en 50% unglingsstúlkna sem yrðu ófrískar hefðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi, en unglingsstúlkum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi er hættara við að verða þungaðar á unglingsaldri. Eftir námskeiðið vissu 74.3% þátttakenda að átraskanir væru algengar hjá þeim sem hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það virðist því verða töluvert meiri þekking hjá þátttakendum á afleiðingum og einkennum kynferðislegs ofbeldis eftir að hafa setið námskeiðið.

Tafla 12. Einkenni, rétt svar fyrir námskeið

	Rétt svar fyrir námskeið
Yfirleitt eru merki um kynferðislegt ofbeldi EKKI augljós.	62.5%
Barn sem beitt er kynferðislegu ofbeldi gæti skyndilega tekið upp á því að pissa undir á næturnar eða fá endurteknar martraðir.	89.6%
Meira en 50% unglingsstúlkna sem verða ófrískar hafa áður verið beittar kynferðislegu ofbeldi.	2.1%

Tafla 13. Einkenni, rétt svar eftir námskeið

	Rétt svar eftir námskeið
Átraskanir gera gjarnan vart við sig hjá þeim sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi.	74.3%
Börn sem eru misnotuð kynferðislega kvarta oft undan eymslum í líkamanum.	91.4%
Yfirleitt eru merki um kynferðislegt ofbeldi augljós.	85.7%

Viðbrögð, tilkynningar & áætlun

Rétt viðbrögð þegar barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi, tilkynningarskylda og verkferlar skipta miklu máli í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Þátttakendur virðast þekkja til tilkynningaskyldu en fyrir námskeið töldu 93.6% þeirra að lög væru til sem skylda einstaklinga til að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi á börnum, en eftir námskeið hækkaði hlutfallið upp í 97.1%. Þegar kom að viðbrögðum við því að barn greini frá kynferðislegu ofbeldi þá vissi 62.5% þátttakenda fyrir námskeið að það ætti ekki spyrja ákveðinna spurninga því það gæti haft áhrif á frásögn barnins. Eftir námskeiðið jókst þekking þeirra og var orðin 82.9%. Börn eru þó ekki líkleg til að greina frá kynferðislegu ofbeldi meðan þau eru börn.

Þegar spurt var að því hvert tilkynna eigi grun um kynferðislegt ofbeldi þá vissu 10.4% þátttakenda að Barnaverndarstofa og lögregla væru ekki þeir aðilar sem tækju á móti flestum tilkynningum en að loknu námskeiði vissu 80% þátttakenda að barnaverndarnefndir væru ekki einu stofnanirnar sem tækju við tilkynningum.

Í spurningum sem snúa að fræðslu fyrir börn um kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg mörk þá svöruðu 72.3% þátttakenda því réttu að fullorðnir ættu að ræða um kynferðislegt ofbeldi við börn, jafnvel yngri en 5 ára, en það gerði börnum kleift að skilja hugtök á borð við kynferðisleg mörk. Eftir námskeiðið svöruðu 82.9% þátttakenda að ræða ætti um þessi hugtök við börn yngri en 7 ára. Samtökin Barnaheill leggja áherslu á fræðslu fyrir allan aldur og er fræðslan aðlöguð að þroska hvers einstaklings. Börn eru því aldrei of ung til að fræðast.

Tafla 14. Viðbrögð, tilkynningar & áætlun, rétt svar fyrir námskeið

	Rétt svar fyrir námskeið
<i>Það eru engin lög sem kveða á um að manni beri skylda til að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi á börnum.</i>	93.6%
<i>Ef barn skýrir mér frá kynferðislegu ofbeldi á ég EKKI að spyrja ákveðinna spurninga því spurningar mínar gætu haft áhrif á frásögn barnsins um hvað gerðist.</i>	62.5%
<i>Börn eru líkleg til að segja einhverjum frá því ef þau hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.</i>	70.8%
<i>Barnaverndarstofa og lögreglan eru þeir tveir aðilar sem taka á móti flestum tilkynningum um kynferðislega misnotkun.</i>	10.4%
<i>Fullorðnir ættu að ræða um kynferðislegt ofbeldi við börn – jafnvel börn yngri en 5 ára. Þannig umræður gera þeim kleift að skilja hugtök á borð við „kynferðisleg mörk“.</i>	72.3%

Tafla 15. Viðbrögð, tilkynningar & áætlun, rétt svar eftir námskeið

	Rétt svar eftir námskeið
<i>Landslög skylda ALLA einstaklinga, sem hafa grun um að ofbeldi eigi sér stað, til að tilkynna það til yfirvalda.</i>	97.1%
<i>Ef barn segir mér frá kynferðislegu ofbeldi ætti ég að spyrja ákveðinna spurninga til að ganga úr skugga um hvort frásögnin er sönn og til að komast að því hvað nákvæmlega gerðist.</i>	82.9%
<i>Fullorðnir ættu EKKI að tala um kynferðislegt ofbeldi við börn yngri en 7 ára því það opinberar fyrir þeim kynferðislega hegðun sem þau eru allt of ung til að skilja.</i>	82.9%
<i>Barnaverndarnefndir eru einu stofnanirnar sem taka á móti tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi á börnum.</i>	80%

Eigið viðhorf

Í sjötta og síðasta hluta spurningalistans voru lagðar fram fimm spurningar um viðhorf þátttakenda um þætti tengda kynferðislegu ofbeldi á börnum. Spurningarnar voru í formi staðreynda þar sem þátttakandi hafði val um að svara með möguleikunum sammála (S), veit ekki (?) eða ósammála (Ó).

Hvort samfélagið væri í afneitun varðandi hversu stórt mein kynferðislegt ofbeldi á börnum er þá töldu 66% þátttakenda fyrir námskeið að meirihluti fullorðinna væri í afneitun varðandi hversu algengt og útbreitt meinið er. Þá var spurt út í þá þætti sem fullorðnir gætu gert til að fækka þessum brotum og eftir námskeiðið voru 82.9% þátttakenda á því að færri börn yrðu fyrir kynferðislegu ofbeldi ef fullorðnir tækju meðvitaðri ákvarðanir um þá aðstöðu og kringumstæður sem börnin væru sett í.

Fyrir námskeið

Ég tel að meirihluti fullorðinna sé í afneitun varðandi hversu algengt og útbreitt kynferðislegt ofbeldi á börnum er.

S: 66% ? :19.1% Ó: 14.9%

Eftir námskeið

Ég trúi því að færri börn myndu verða fyrir kynferðislegu ofbeldi ef hinir fullorðnu tækju meðvitaðri ákvarðanir um þá aðstöðu og kringumstæður sem börn eru sett í.

S: 82.9% ? :14.3% Ó: 2.9%

Varðandi forvarnaraðgerðir gegn kynferðislegu ofbeldi voru 75% þátttakenda fyrir námskeið ósammála því að það væru mjög fáar forvarnaraðgerðir sem skiluðu árangri í þessari baráttu. Þegar lögð var fram sú fullyrðing að öll þessi athygli um kynferðislegt ofbeldi á börnum leiddi til hálfgerðar móðursýki þá töldu 100% þátttakenda það ekki vera satt.

Fyrir námskeið

Eftir námskeið

Ég tel að mjög fáar forvarnaraðgerðir geti skilað árangri þegar kemur að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

S: 4.2% ? : 20.8% Ó: 75%

Ég er þeirrar skoðunar að öll þessi athygli sem kynferðislegt ofbeldi hefur fengið hafi leitt til hálfgerðar móðursýki.

Ósammála 100%

Fyrir námskeið litu 100% þátttakenda á það sem skildu þeirra að skipta sér af gruni þá að barn verði fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá voru eingöngu 57.14% þeirra skoðunar að umræðan um kynferðislegt ofbeldi væri ekki feimnismál og að flestir fullorðnir einstaklingar væru ákveðnir og spurðu stofnanir og félög út í stefnu og aðgerðir þeirra til að vernda börn fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Seinni fullyrðingin er þó í tveim liðum og getur það haft áhrif á svörun þar sem þátttakendur eru ekki endilega sammála annarri fullyrðingunni þótt þeir séu sammála hinni.

Fyrir námskeið

Ég lít á það sem skyldu mína að skipta mér af ef mig grunar að verið sé að beita barna kynferðislegu ofbeldi.

S: 100%

Eftir námskeið

Ég er þeirra skoðunar að umræða um kynferðislegt ofbeldi sé ekki feimnismál – og held að flestir fullorðnir einstaklingar séu ákveðnir og spyrji stofnanir og félög um stefnu þeirra og aðgerðir sem miða að því vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

S: 57.1% ? : 22.9% Ó: 20%

Þegar kemur að forvarnarstarfi í starfi skóla, foreldra, trúar- og íþróttafélaga þá töldu 89.4% þátttakenda fyrir námskeið að fyrrgreindir hópar ættu að hafa forvarnir sem forgangsatíði í sínu starfi sökum þess hversu vandamálið væri stórt. Eftir námskeið voru fleiri á þeirri skoðun, eða 97.1% þátttakenda.

Fyrir námskeið

Ég er þeirrar skoðunar að þó svo kynferðislegt ofbeldi sé algjörlega skelfileg þegar það á sér stað- þá sé þetta vandamál ekki nógu algengt til að skólar, foreldrar, trúar- og íþróttafélög fari að gera forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi að forgangsatíði í starfi sínu.

S: 4.3% ? : 6.4% Ó: 89.4%

Eftir námskeið

Ég er þeirra skoðunar að kynferðislegt ofbeldi á börnum sé raunverulegt og umfangsmikið vandamál og að það ætti að vera forgangsverkefni skóla, trúar- og íþróttafélaga sem og foreldra að koma í veg fyrir það.

S: 97.1% ? : 2.9%

Í loka spurningu þessa spurningalista voru þátttakendur spurðir hvort þeir töldu sig vita hvað þeir ættu að gera ef barn tilkynnti þeim um kynferðislegt ofbeldi. Svörun fyrir námskeið sýndi að 79.2% þeirra töldu sig vita hvað ætti að gera en að loknu námskeiði var sú tala komin upp í 100% og gefur vísbendingu um mika viðhorfsbreytingu þátttakenda. Eru því tölurverður líkur á því að þeir aðilar sem sitja námskeiðið Verndarar barna eflist af fræðslunni og styrkist.

Fyrir námskeið

Ég tel mig vita hvað ég á að gera ef barn tilkynnir mér um kynferðislegt ofbeldi.

S: 79.2% ? : 14.6% Ó: 6.2%

Eftir námskeið

Ég tel mig vita hvað ég á að gera ef barn segir mér frá kynferðislegu ofbeldi.

Sammála 100%

Forvarnaraðgerðir fyrir og eftir námskeið

Fyrir námskeið var lagður fyrir þátttakendur listi með 24 forvarnaraðgerðum og þátttakendur beðnir um að merkja við þau atriði sem þau hefðu gert síðastliðna 6 mánuði. Í þeim hluta tóku 65 þátttakendur þátt.

Tafla 16. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði fyrir námskeið, flestir framkvæmt

Fjöldi	Forvarnaraðgerðir 6 mánuði fyrir námskeið
42	Ég hef gert barni ljóst að það að segja „Nei“ við fullorðinn einstakling sé bæði leyfilegt og viðeigandi.
41	Ég hef talað við barn eða ungling um kynþroska eða kynhegðun
35	Ég hef átt viðræður við barn eða ungling um kynferðisleg mörk og hvernig standa eigi vörð um þau.
35	Ég hef fylgst með notkun barns á internetinu.
28	Ég hef rætt um kynferðislegt ofbeldi á börnum við barn eða ungling.

Augljóst er að þær forvarnir sem flestir þátttakendur hafa gert er í formi samskipta við barn eða ungling og eru til þess gerðar að fræða börn um kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg mörk og efla þau til að standa með sjálfum sér. Þá höfðu einnig margir foreldrar fylgst með notkun barna sinna á internetinu sem er í takt við núverandi stöðu í þjóðfélaginu þar sem umræðan hefur verið mikið um stafrænt kynferðislegt ofbeldi, stafrænt einelti og aðgengi gerenda að börnum gegnum hin ýmsu samskiptaforrit og leiki.

Tafla 17. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði fyrir námskeið, fæstir framkvæmt

Fjöldi	Forvarnaraðgerðir 6 mánuði fyrir námskeið
3	Ég hef tekið ákvörðun um að barn ætti ekki að taka þátt í atburði eða félagsstarfi vegna hugsanlegrar hættu á kynferðislegu ofbeldi.
4	Ég hef óvænt komið í heimsókn þar sem fullorðinn einstaklingur hefur verið að vinna með barni til þess eins að ganga úr skugga um öryggi barnsins.
5	Ég hef persónulega tekið viðtal við og athugað meðmæli umsækjanda áður en gengið var frá ráðningu aðila sem ætlað var að hafa umsjón með börnum.
6	Ég hef séð til þess að þegar fullorðinn einstaklingur hefur verið að líta eftir eða leiðbeina barni eða hópi af börnum þá hefur það verið í auglýsni annarra og á stað sem aðrir eiga óheftan aðgang að.
6	Ég hef spurt starfsmann í skóla, leikskóla, íþróttafélagi, kirkju, félagsmiðstöðvum eða tómstundastarfi barna og ungmenna um stefnu félagsins eða stofnunarinnar varðandi einkafundi barns og fullorðins einstaklings í daglegu starfi.

Þær forvarnaraðgerðir sem þátttakendur gera síst snúa að stefnu og að starfsfólki sem kemur að umönnun barna þeirra, þ.e. að athuga stefnur þessara staða varðandi einkafundi, meðmæli starfsfólks og eða komið óvænt í heimsókn þar sem barnið er með starfsmanni.

Að námskeiði loknu var lagður listi af forvarnaraðgerðum fyrir þátttakendur þar sem þeir voru beðnir um merkja við þær aðgerðir sem þeir væru algjörlega sannfærðir um þeir myndu framkvæma, nokkuð viss um að þeir myndu framkvæma og algjörlega sannfærðir um að þeir myndu ekki framkvæma næstu 6 mánuði.

Eingöngu 20 þátttakendur svöruðu þessum þætti og því eru niðurstöður ekki marktækar.

Tafla 18. Forvarnaraðgerðir þátttakenda eftir námskeið, sannfærðir um að gera

Fjöldi	Forvarnaraðgerðir 6 mánuði eftir námskeið sem þátttakandi er sannfærður um að gera
18	Vera vakandi fyrir merkjum um kynferðislegt ofbeldi hjá barni sem er í minni umsjá.
17	Gera barni ljóst að það að segja „Nei“ við fullorðinn einstakling sé bæði leyfilegt og viðeigandi.
16	Láta til mín taka í aðstæðum þar sem ég tel að barn sæti kynferðislegu ofbeldi.
15	Hlusta vandlega á barn sem segir mér frá óþægilegri reynslu sinni í samskiptum við fullorðinn.
14	Eiga viðræður við barn eða ungling um kynferðisleg mörk og hvernig standa eigi vörð um þau. Tala við barn eða ungling um kynþroska og/eða kynhegðun. Ræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum við barn eða ungling.

Þátttakendur völdu sömu forvarnaraðgerðir fyrir námskeið og eftir námskeið. Þá er áhersla þátttakenda á barnið/unglinginn sjálfan, þ.e. samskipti varðandi mörk, kynproska og kynhegðun og varðandi kynferðislegt ofbeldi.

Tafla 19. Forvarnaraðgerðir þátttakenda 6 mánuði eftir námskeið, nokkuð sannfærður um að gera ekki

Fjöldi	Forvarnaraðgerðir 6 mánuði eftir námskeið sem þátttakandi er nokkuð sannfærður um að gera EKKI
9	Taka ákvörðun um að barn eigi ekki að taka þátt í atburði eða félagsstarfi vegna hugsanlegrar hættu á kynferðislegu ofbeldi
6	Leita upplýsinga á vefnum eða annars staðar um tölfraðilegar staðreyndir sem lúta að kynferðislegu ofbeldi á börnum.
6	Kanna skrár yfir kynferðisafbrot og önnur afbrot til að ganga úr skugga um að einstaklingur sem er að gæta barna hafi ekki gerst sekur um kynferðisbrot.
6	Taka viðtal við og athuga meðmæli umsækjanda áður en gengið er frá ráðningu hans í starf sem honum er ætlað að hafa umsjón með börnum.
5	Láta í ljósi áhyggjur mínar varðandi aðstæður þar sem eldri börn eða ungmenni eru að gæta yngri barna.

Þær forvarnaraðgerðir sem þátttakendur töldu ólíklegast að þeir myndu gera er að skipta sér af þeim aðilum sem gæta barna þeirra, hvort sem það er að athuga með sakaskrá þeirra, taka viðtal eða athuga meðmæli eða láta í ljósi áhyggjur á aðstæðum þar sem eldri börn eða ungmenni eru að gæta yngri barna. Þessi svör eru í samræmi við svör við þeim lista sem lagður var fyrir þátttakendur fyrir námskeið.

5 Umræður og ályktanir

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningum svarað. Kaflinn skiptist upp í þrjá undirflokk; forvarnir, þekking og forvarnarbreyting. Í hverjum undirkafla er rannsóknarspurningu svarað.

5.1 Forvarnir

Til að svara rannsóknarspurningunni hvort forvarnaraðgerðir þátttakenda breytist eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna verða niðurstöður forvarnaraðgerðarlistans dregnar saman ásamt því að niðurstöður verða greindar. Alhæfingargildi rannsóknar er takmarkað sökum lélegrar þátttöku en þó verður reynt að leiða líkum að niðurstöðum.

Tafla 20. Helstu forvarnaraðgerðir þátttakenda, fyrir og eftir námskeið

Fullyrðing	Fyrir námskeið	Eftir námskeið
Ég hef gert barni ljóst að það að segja „nei“ við fullorðinn einstakling sé bæði leyfilegt og viðeigandi	64.6%	100%
Ég hef talað við barn eða ungling um kynþroska eða kynhegðun	63.1%	90%
Ég hef fylgst með notkun barns á internetinu	53.8%	90%
Ég hef átt viðræður við barn eða ungling um kynferðisleg mörk og hvernig eigi að standa vörð um þau	53.8%	95%
Ég hef rætt um kynferðislegt ofbeldi á börnum við barn eða ungling.	43.1%	90%

Þær forvarnaraðgerðir sem þátttakendur höfðu oftast framkvæmt 6 mánuðum fyrir námskeið voru þær sömu og þátttakendur töldu sig munu framkvæma 6 mánuðum eftir námskeiðið. Flestar þeirra eru í formi samskipta

við barn eða ungling. Þau samskipti eru til þess að efla barnið eða unglinginn í vitneskju þess um hvað séu eðlileg samskipti, hvað séu kynferðisleg mörk og kynferðislegt ofbeldi.

Fyrir námskeiðið höfðu 64.6% þátttakenda gert barni ljóst að það gæti sagt „Nei“ við fullorðinn einstakling og væri það bæði leyfilegt og viðeigandi. Eftir námskeiðið töldu allir þátttakendur, 100%, að þeir myndu gera barni það ljóst. Eins og sjá má eru þátttakendur ekki eingöngu að leggja áherslu á að fræða og efla börn eða unglunga heldur líka að opna á samskipti við þau um erfið og viðkvæm umræðuefni. Þátttakendur lögðu einnig áherslu á að fylgjast með internetnotkun barna. Fyrir námskeið höfðu 53.8% þátttakenda fylgst með internetnotkun barns en eftir námskeið töldu 90% af þátttakendum að þeir myndu gera það næstu 6 mánuði. Það er í samræmi við þá auknu athygli sem stafrænt kynferðislegt ofbeldi hefur fengið.

Þeir forvarnarþættir sem þátttakendur höfðu síst gert fyrir námskeið voru þeir sömu og þátttakendur töldu sig síður gera næstu 6 mánuði eftir námskeið. Það voru þeir þættir sem sneru að því að draga úr þátttöku barna í félagsstarfi, fara í óvænta heimsókn þar sem félagsstarf færi fram og/eða athuga hvernig staðið væri að því starfi, t.d. er varðar einkafundi starfsmanns og barns og fleira. Þá er augljóst að þátttakendur leggja meiri áherslu á það forvarnarstarf þar sem þess er ekki krafist að rætt sé við þriðja aðila og leggja fremur áherslu á að efla sjálft barnið í að forðast aðstæður heldur en að fylgjast sjálf/ur með þeim aðstæðum sem barnið er í utan heimilis.

Ekki er hægt að útiloka áhrif Covid-19 á svör þátttakenda þar sem einstaklingar eru meira heima við, jafnvel í fjarnámi og meira í stafrænum samskiptum heldur en venjulega. Þá eru einnig töluverðar breytingar á félagsstarfi barna og unglunga sem gæti útskýrt áherslur þátttakenda á meiri samskipti og forvarnir heima við en minni þegar kemur félagsstarfi.

Í svari við rannsóknarspurningunni hvort forvarnaraðgerðir þátttakenda breytist eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna má leiða líkum að því að seta á námskeiði styrki þátttakendur og efli þá til frekari forvarnaraðgerða, þ.e. að þeir séu líklegri til að framkvæma forvarnaraðgerðir. Þó er ekki hægt að sjá breytingu á þeim forvarnaraðgerðum sem þátttakendur telja sig munu framkvæma eftir námskeiðið, þ.e. þeir velja sömu forvarnaraðferðir fyrir og eftir námskeið en telja sig líklegri til framkvæmda á þeim eftir námskeið.

5.2 Þekking

Spurningalisti um þekkingu sem lagður var fyrir þátttakendur skiptist upp í sex flokka fyrir utan fimm spurningar sem voru um persónulega hagi í upphafi spurningalistans. Spurt var um almenna þekkingu, gerendur, tækifæri, viðbrögð, tilkynningar og áætlun og loks viðhorf.

Við skoðun þessara flokka má sjá mismunandi stöðu milli flokka hvort þekking þátttakenda hafi aukist eftir námskeið eður ei.

Almenn þekking

Í flokknum almenn þekking var spurt út í þætti sem tengjast aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá var einnig spurt út í hugtök. Í flokknum almenn þekking jókst þekking á kynferðislegu ofbeldi á börnum þátttakenda á 1/3 spurninga sem lagðar voru fyrir. Þær spurningar voru um aldur fórnarlamba þar sem réttum svörum fjölgaði frá 20.8% í 31.4%. Í öðrum spurningum í almenna þekkingarflokknum mátti sjá örlitla lækkun í réttu svarhlutfalli, frá 3% til 11% lækkun. Hlutföll réttra svara hjá þátttakendum voru há bæði fyrir og eftir námskeið varðandi skilgreiningar og að kynferðislegt ofbeldi barna þótt færri hefðu svarað þeim þáttum rétt eftir námskeið þá var hlutfall réttra svara hátt.

Ástæður þessarar lækkunar í réttum svarhlutföllum milli setu á námskeiði gætu verið nokkrar. Svör þátttakenda fyrir námskeið sýna góða þekkingu hjá þátttakendum fyrir námskeið og því spurning hvort sú fræðsla sem kom fram hafi verið svipuð þeirri þekkingu sem þegar var til staðar. Ætla má að þegar kemur að þessum þætti námskeiðsins séu tækifæri til úrbóta. Sökum Covid-19 var námskeiðið kennt í gegnum fjarfundabúnað en sú aðferð hentar ekki öllum þegar kemur að fræðslu. Þá skapast ekki sömu tengsl milli námskeiðshaldara og þátttakanda eins og þegar námskeiðshaldari getur verið á staðnum og átt í beinum samskiptum. Efni námskeiðsins er viðkvæmt og miserfitt fyrir þátttakendur að meðtaka það sem fjallað er um. Námskeiðsgögn þurfa einnig að vera uppfærð, höfða til þátttakenda og vera auðlesanleg. Við skoðun á námskeiðsgögnum má sjá að uppfæra þarf t.d. tölfræði en námskeiðshaldari miðlar þeim upplýsingum. Þær upplýsingar geta misheyrst eða farið framhjá einhverjum þátttakendum og þannig skilað röngu svári í könnun.

Til að höfða til sem flestra þátttakenda þurfa námskeiðsgögn að túlka raunstöðu samfélagsins, til að mynda þjóðerni. Þegar ljósmyndir á námskeiðsgögnum eru skoðuð þá eru það eingöngu myndir af börnum af einu stöku þjóðerni, hvítu. Höfundur hefur upplýsingar um að verið sé að vinna að bættum námskeiðsgögnum og alþjóðavæddari.

Gerendur

Í flokki um gerendur í kynferðisbrotum sýndu þátttakendur aukna þekkingu í tveimur af þremur spurningum eftir að námskeiði var lokið. Þekking þátttakenda jókst á aðferðum sem gerendur beittu til að ná til barna og einnig því að barn þekkir í um 60% tilvika gerendann. Varðandi aðferð gerenda til að

ná til barns þá jókst þekking þátttakenda úr 58.33% fyrir námskeið í 82.86% eftir námskeið. Þekking þátttakenda á tengslum gerenda við barn jókst frá 75% fyrir námskeið yfir í 94.29% eftir námskeið.

Að þekkja til aðferða gerenda er ekki síður mikilvægt heldur en að þekkja til einkenna kynferðislegs ofbeldis og þróun í aðferðum gerenda er hröð.

Fækka tækifærum

Í floknum að fækka tækifærum sem gerendur hafa til að geta brotið á börnum þá jókst þekking í þremur af fjórum þáttum. Þekking þátttakenda á að því að það að koma í veg fyrir samskipti barns og fullorðins undir fjögur augu/einkafundi barns og starfsmanns gæti varið börn fyrir mögulegu kynferðislegu ofbeldi, jókst úr 14.6% fyrir námskeið í 85.7%. Þá jókst einnig þekking á leiðum gerenda til notkunar internets til að nálgast börn úr 47.9% fyrir námskeið yfir í 67.6% eftir námskeið.

Þrátt fyrir að þekking þátttakenda hafi aukist á aðferðum til að fækka tækifærum gerenda þá er ekki samtenging milli þeirra auknu þekkingar og þeirra forvarnaraðgerða sem þátttakendur töldu sig muna gera að loknu námskeiði. Dæmi um það er að mikil aukning er á þekkingu um að koma í veg fyrir einkafundi barns og fullorðins í félagsstarfi eða tæp 70% aukning en samt var lítill hluti þátttakenda sem taldi sig munu nota þá aðferð þegar kom að forvarnaraðgerðum. Ástæða fyrir þessari skekkju getur verið Covid-19 þar sem félagsstarf barna/unglinga hefur verið takmarkað í heimsfaraldrinum og því þátttakendur síður að leggja áherslu á forvarnaraðgerðir því tengdu.

Þörf er á frekari rannsókn þegar kemur að því af hverju þekking og vitneskja fer ekki hönd í hönd við aðgerðir í svona mikilvægum málum, sér í lagi hjá einstaklingum sem starfa með börnum.

Einkenni

Þegar kemur að einkennum sem börn sýna er þau verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þá jókst þekking í öllum þremur þáttunum sem lagðir voru fyrir þátttakendur. Þeir þættir voru um að einkenni um kynferðislegt ofbeldi á börnum væru ekki augljós og fór þekking þátttakenda úr 62.5% í 85.7% varðandi þann þátt. Þá vissu 91.4% þátttakenda eftir námskeiðið að börn geta kvartað undan eymslum í líkama og 74.3% vissu að átraskanir geta gert vart við sig hjá þeim sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi.

5.1.1 Viðbrögð, tilkynningar og áætlun

Í flokknum viðbrögð, tilkynningar og áætlun jókst þekking þátttakenda einnig í öllum þáttum eftir að námskeiði lauk. Þekking þátttakenda á tilkynningaskyldu ef grunur er um að brotið sé á börnum kynferðislega jókst úr 93.6% yfir í 97.1% eftir námskeið. Vitneskja um hvert hægt væri að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi jókst mjög mikið, eða úr 10.4% í 80%. Aukning var í þekkingu þátttakenda um hvernig ætti að ræða við barn um kynferðislegt ofbeldi og bregðast við þegar barn tilkynnir um kynferðislegt ofbeldi. Eftir námskeið vissu 82.9% þátttakendur að fræða ætti börn, óháð aldri um kynferðislegt ofbeldi þar sem þá fræðslu er hægt að aðlaga að þroska barnsins. Einnig vissi 82.9% þátttakenda að ekki ætti að spyrja leiðandi eða ákveðinna spurninga ef barn tilkynnti þeim um kynferðislegt ofbeldi heldur leyfa barni að tjá sig og setja málið í réttan feril.

Jákvætt er hversu mikið þekking þátttakenda jókst varðandi hvert eigi að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi en þekking þátttakenda fyrir námskeið var mjög lítil, þ.e. um 10% þeirra vissi hvert ætti að tilkynna. Miðað við þær niðurstöður þyrfti að athuga hvernig vinnustaðir standa að því að kynna og hafa sýnilega verkferla þegar kemur að tilkynningum.

Þátttakendur námskeiðsins eru flestir starfandi í skólum en samkvæmt tölum Hagstofu varðandi tilkynningar um kynferðislegt ofbeldi þá eru tilkynningar frá skólum mjög fáar þegar litið er á heildartölur. Tilkynningum frá leikskólum hefur fækkað milli ára (Hagstofa, 2021). Taka þarf tillit til Covid-19 breytinga á samfélaginu þegar kemur að tilkynningum. Skólar hafa verið með skerta starfsemi vegna þessa að undanskildum leikskólum sem áhersla hefur verið á að halda gangandi. Þegar grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi á nemenda er ákveðinn verkferill settur í gang sem felur í sér tilkynningaskyldu og samstarf skóla og barnaverndar. Málin eru oft margþætt og þrátt fyrir tilkynningarskyldu kennara þá þarf líka að huga að aðstæðum kennara til að geta tilkynnt um brot. Kennari í litlu samfélagi þekkir að öllum líkindum mjög vel til nemanda sinna, ekki eingöngu gegnum vinnu sína heldur líka gegnum daglegt líf t.d. hittir barnið sjálf, fjölskyldu þess og jafnvel meinta gerendur í versluninni, í sundi og svo mætti lengi telja. Þá mætti telja að það væri til góðs að kennarinn þekkti svona vel til þar sem þá væri hann meðvitaður um stöðu barnsins, aðstæður heima fyrir og gæti hugsanlega lesið betur í líðan barnsins. Á móti kemur er sú staða að gruni kennara að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi og tilkynnir það þá gæti hann verið að tilkynna til aðila tengdan barninu og/eða gerendum og jafnvel verið að tilkynna aðila sem er tengdur honum sjálfum.

Þá er einnig sú staða uppi að hvort sem um staðfest brot á barni er að ræða eður ei að nafn tilkynnanda komi upp og neikvæð viðbrögð myndist t.d. frá hugsanlegum gerendum og aðstandendum þeirra.

Það er mikilvægt að starfsfólk skóla eða aðrir sem koma að starfi með börnum, geti sinnt skyldu sinni, því eru fræðsla, vitneskja, áætlanagerð og verkferlar mikilvæg tæki. Starfsmaður þarf að búa við það öryggi að geta látið í ljós grun sinn eða staðfestingu á grun.

Svarið við rannsóknarspurningunni hvort þekking aukist hjá þátttakendum Verndara barna á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum er því jákvætt, þ.e. hægt er að leiða líkum að því að þekking þátttakenda, heilt yfir, aukist eftir námskeiðið Verndarar barna.

5.3 Viðhorfsbreyting

Lagðar voru fimm spurningar er tengdust viðhorfi þátttakenda um kynferðislegt ofbeldi á börnum. Áhugavert var að sjá að bæði fyrir og eftir námskeið var viðhorf þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis á börnum mjög einsleitt. Fyrir námskeið töldu t.d. allir þátttakendur það skildu sína að skipta sér af ef þá grunaði að verið væri að beita barn kynferðislegu ofbeldi. Þá voru þátttakendur þeirrar skoðunar að skólar, foreldrar, trúar- og íþróttafélög ættu að hafa forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi sem forgangsatriði í starfi sínu. Fyrir námskeið voru 89.4% sem voru þeirrar skoðunar, sem er mjög hátt hlutfall, en eftir námskeið var það hlutfall orðið 97.1% þátttakenda. Þá töldu 89.3% þátttakenda fyrir námskeið að forvarnaaðgerðir geti skilað árangri í að vernda börn fyrir kynferðisofbeldi og eftir námskeið voru 100% þátttakenda þeirra skoðunar að sú athygli sem kynferðislegt ofbeldi fær í dag leiði ekki til hálfgerðar móðursýki.

Þegar kemur að mati þátttakenda á eigin getu til að bregðast við þegar barn tilkynnir um kynferðislegt ofbeldi þá taldi 79.2% þátttakenda sig vita hvað ætti að gera ef barn tilkynnti þeim um kynferðislegt ofbeldi. Eftir að hafa setið námskeiðið Verndarar barna töldu 100% þátttakenda sig vita hvað þau ættu að gera ef barn segði þeim frá kynferðislegu ofbeldi.

Það má því segja að þótt viðhorf þátttakenda til kynferðislegs ofbeldis gegn börnum hafi verið skýrt fyrir námskeið þá er samt hægt að mæla viðhorfsbreytingu eftir að hafa setið námskeiðið, þ.e. enn sterkari skoðun til kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og að eigin mati bættari hæfni til að takast á við þess konar mál.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru ekki marktækar vegna lélegrar þátttöku en leiða má líkur til þess að þekking þátttakenda á kynferðislegu ofbeldi á börnum aukist í kjölfar þess að hafa setið námskeiðið Verndarar barna hjá Barnaheil. Þá virðist öryggi þátttakenda aukast á eigin getu hvað varðar viðbrögð ef barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi. Allir þessir þættir eru mikilvægir fyrir einstaklinga sem starfa með og fyrir börn.

6 Lokaorð

Í baráttunni gegn kynferðislegt ofbeldi á börnum er mikilvægt að það fari fram öflug fræðsla og forvarnir í samfélaginu öllu. Ekki síður fyrir fullorðna einstaklinga heldur en börnin sjálf. Fyrirbygging er eitt af lykilatriðum í forvörnum og er ekki síður mikilvæg fyrir börn heldur en þá einstaklinga sem starfa fyrir og með börnum. Fyrirbygging kemur meðal annars í formi fræðslu fyrir börn, óháð aldri enda hægt að aðlaga efni að þroska hvers og eins. Það að efla börn í þekkingu þeirra á kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegum mörkum, hegðun og efla samskiptahæfni þeirra getur haft áhrif í að draga úr kynferðisofbeldi og stutt þau til að tilkynna verði þau fyrir ofbeldi.

Töluverð vitundarvakning hefur verið um ofbeldi á börnum en mikil fjölgun hefur verið í tilkynningum um það efni nú á covid tímum. Því er ekki endilega haldið fram að aukning sé í brotum heldur frekar séu breyttar aðstæður í samfélaginu að leiða til fleiri tilkynninga.

Fáir eru jafn vel til þess fallnir að veita því eftirtekt ef eitthvað er í gangi og mynda trúnaðarsambönd við börn eins og kennarar en börn eru að stórum hluta dagsins með þeim og í nánum samskiptum við þá. Til að kennari sé til þess fallinn að takast á við þetta krefjandi verkefni ofan í allt annað þá þarf að hvetja og efla kennara með aukinni fræðslu, aðgengilegum verkferlum og meiri áherslu á málaflokkinn í kennaranámi. Með því eykst velferð og öryggi barnsins.

Eins fram kemur í rannsókn höfundar þá er stærsti hluti þeirra er tóku þátt í rannsókninni með kennaramenntun og koma að kennslu barna. En það þýði er í raun ekki endilega mest lýsandi fyrir þá aðila er koma almennt að kennslu barna þar sem í dag eru stór hluti kennara bæði í leik- og grunnskóla ófaglærðir, en samkvæmt tölum frá Hagstofu fyrir árið 2020 voru til dæmis 55% leikskólakennara landsins ófaglærðir (Hagstofa, 2021). Þeir aðilar sem eru

Ófaglærðir hafa í flestum tilfellum ekki fengið fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á börnum en að mati höfundar ætti það að vera skylda að sitja fræðslu eða námskeið í efninu, sér í lagi þegar aðgengi að þeirri fræðslu er eins gott og raunin er á Íslandi.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að geta, færni og þekking þátttakenda aukist við að sitja forvarnarnámskeiðið Verndarar barna. Það ætti því að vera forgangsatridi (skylda) fyrir stjórnendur skóla/samtaka/félaga að sjá til þess að starfsfólk sem kemur að starfi með og fyrir börn sitji námskeiðið. Þá verður að opna á umræðuna innan vinnustaðarins, auka sýnileika á verkferlum og kynna starfsfólk fyrir þeim leiðum sem unnið er með komi upp grunur um kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Að mati höfundar þyfti að leggja rannsóknina aftur fyrir og þá hugsanlega með breyttu sniði til að kalla fram meiri svörun. Þörf er á að kanna raunstöðu þeirra aðila er koma að starfi með börnum.

Heimildir

- Alþingi. (1992). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/129/1992018.2c5.html>
- Alþingi (2021). *Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/1940 (kynferðislegt friðhelgi)*. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.008.html>
- Alþingi (1940). Almenn hegningarlög nr.19/1940. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>
- Alþingi (2002). Barnaverndarlög. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>
- Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir. (2014). *Kynferðisofbeldi gegn börnum, málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna*. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9355/Kennsluefni_Final_Net-1.pdf?sequence=1
- Barker, J. og Hodes, D. (2007). *The child in mind; A child protection handbook* (3. útgáfa). London: Routledge.
- Barnaheill. (2020). *5 skref til verndar börnum gegn kynferðisofbeldi*. Sótt af https://www.barnaheill.is/static/files/Forvarnir/blattafram_pesia5_rafraenn_lq.pdf
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d). *Saga Barnasáttmálans*. Sótt af <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/saga-barnasattmalans>
- Barnaverndarstofa (2021). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á fyrstu sex mánuðum árána 2019-2021*. Sótt af <https://www.bvs.is/media/almennigur/Samanburdur-fyrstu-6-manudiaranna-2019-2020-2021-tilkynningar.pdf>
- Barnaverndarstofa (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd 2*. útgáfa. Sótt af <https://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-2015.pdf>

- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2011). *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála*. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), Hinn launhelgi glæpur: kynferðisbrot gegn börnum (bls. 269–296). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Butchart, A., Harvey, A. P., Mian, M. og Furniss, T. (2006). *Preventing child maltreatment: A guide to taking action and generating evidence*. World Health Organisation and International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect. Sótt af http://whqlibdoc.who.int/publications/2006/9241594365_eng.pdf
- Chrisman, K. og Couchenour, D. (2004). *Healthy sexuality development in young children*. Sótt af <http://www.childcareexchange.com/article/healthy-sexuality-development-in-young-children/5015634/>
- Crea TM, Easton SD, Floria J, Barth RP (2018). *Externalizing behaviors among adopted children: A longitudinal comparison of preadoptive childhood sexual abuse and other forms of maltreatment*. Child Abuse Negl. 2018; 82: 192-200, sótt af <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2018.06.008>
- Daigneault, I., Vézina-Gagnon, P., Bourgeois, C. og fleiri. (2017). *Physical and mental health of children with substantiated sexual abuse: Gender comparisons from a matched-control cohort study*. Child Abuse and Neglect, 66. doi: 10.1016/j.chiabu.2017.02.038
- Davíð Þór Björgvinsson. (2011). *Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi*. Hinn launhelgi glæpur. Ritstj. Svala Ísfeld Ólafsdóttir. Háskólaútgáfan 2011, bls. 23- 62.
- Esterberg, K.G. (2002) *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd SOF*. (2. útgáfa). Sótt af <http://www.bvs.is/media/skiol/SOFA4.pdf>
- Frost, J.L., Wortham, S.C. og Reifel, S. (2008). *Play and child development* (3 útgáfa). Upper Saddle River, NJ: Pearson/Merril Prentice-Hall

- Gerður Kristný. (2005). *Myndin af pabba, saga Thelmu*. Reykjavík: Vaka-Helgarfell
- Goodman-Brown, T. B., Edelstein, R. S., Goodman, G. S., Jones, D. P. H. og Gordon, D. S. (2003). *Why children tell: A model of children's disclosure of sexual abuse*. *Child Abuse & Neglect*, 27, 525–540.
- Grétar Þór Eypórsson. (2013). *Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd*. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls.453-472). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. (2021). *Kennarar rúmur fjórðungur starfsfólks við uppeldi og menntun leikskólabarna*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/starfsfolk-i-leikskolum-2020/>
- Heiða Björg Pálmadóttir. (2020, 07.11). Metfjöldi viðtala í Barnahúsi vegna ofbeldis. RÚV. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/11/07/metfjoldi-vidtala-i-barnahusi-vegna-ofbeldis>
- Hrefna Ólafsdóttir. (2011). „Börn þvinguð til kynlífs“ *Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum*. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), Hinn launhelgi glæpur (bls. 235-267). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Johnson, T. C. (2005). *Young children's problematic sexual behaviours, unsubstantiated allegations of child sexual abuse, and family boundaries in child custody disputes*. *Journal of Child Custody*, 2(4), 111 –126. DOI: 10.1300/J190v02n04_09
- Kay, J. (1999). *Protecting children* (2. útgáfa). London: Cassell.
- Kendall-Tackett, K.A., Williams, L.M., Finkelhor, D. (1993). *Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies*. *Psychological Bulletin*, 113(1), 164-180.
- Kenny MC. (2010). *Children sexual education with ethnically diverse families: a preliminary analysis*. *Child Youth Serv Rev*. 2010; **32**(7): 981- 989. Sótt af <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2010.03.025>

- Kenny MC, Wurtele SK, Alonso L. (2012). *Evaluation of a personal safety program with Latino preschoolers. J Child Sex Abus.* 2012; **21**(4): 368- 385. Sótt af <https://doi.org/10.1080/10538712.2012.675426>
- Lovísa Arnardóttir. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir.* Reykjavík: UNICEF.
- Maniglio, R. (2009). *The impact of child sexual abuse on health: a systematic review of reviews.* Clinical Psychology Review, 29, 647–657. DOI: 10.1016/j.cpr.2009.08.003
- Matthews, B. og Collin-Vézina, D. (2017). *Child Sexual Abuse: Toward a Conceptual Model and Definition.* doi: 10.1177/1524838017738726
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment. An Introduction.* London: Sage.
- Modelli, M. E., Galvão, M. F., og Pratesi, R. (2012). *Child sexual abuse.* [rafræn útgáfa]. Forensic science international, 217(1), 1-4.
- Neuman, W. L. (2006). *Social research methods. Qualitative and quantitative approaches* (6. útgáfa). Boston: Pearson international edition.
- Newcomer, K.E., Hatry, H.P., Wholey, J.S. (2015). *Handbook of practical program evaluation.* Fourth edition. Bls. 10, Jossey-Bass A Wiley Imprint. Sótt af https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=HIF_BwAAQBAJ&oi=fnd&pg=PR15&dq=%22program+evaluation%22+%22data+collection+method%22&ots=NqNCAzB-nu&sig=jLzgTKJbfK8L25iXrpH7YHUNm-s&redir_esc=y#v=onepage&q=%22program%20evaluation%22%20%22data%20collection%20methods%22&f=false
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir (2007). *Verndum þau. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unlingum.* Reykjavík: Mál og menning.

- Park, M. J., & Breland, D. (2007). *Starting on a healthy path: Promotion of young men's sexual health*. *American Journal of Men's Health*, 1, 148-153.
- Regeringen. (2011). *Handling bag ord. Samlet strategi til forebyggelse og bekæmpelse af seksuelt misbrug af børn*. Kaupmannahöfn: Höf
- Rudolph, J., & Zimmer-Gembeck, M. J. (2018). Reviewing the Focus: A Summary and Critique of Child-Focused Sexual Abuse Prevention. *Trauma, Violence, & Abuse*, 19(5), 543–554.
<https://doi.org/10.1177/1524838016675478>
- Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir. (2013). Yfirlit yfir rannsóknarferlið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 61 – 70). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún Sigurðardóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Sóley S. Bender. (2012). *Deep and almost unbearable suffering: consequences of childhood sexual abuse for men's health and wellbeing*. Sótt af <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/22462731/>
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). *Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir?* Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-236). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). *Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir?* Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229 - 238). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Trawick-Smith J (2014). *The Physical Play and Motor Development of Young Children: A Review of Literature and Implications for Practice*. Center for

Early Childhood Education Eastern Connecticut State University. Sótt af http://www.easternct.edu/cece/files/2014/06/BenefitsOfPlay_LitReview.pdf

Unicef (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* (1-73). Sótt af https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir_0.pdf

Unicef (2019). *Staða barna á Íslandi: Ný tölfræði um þróun ofbeldis gegn börnum á Íslandi*. Sótt af https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/stadabarnaaislandi_final_0.pdf

Van der Zalm YC, Nugteren WA, Hafsteinsdóttir TB, van der Venne CGJM, Kool N, van Meijel B. *Psychiatric nursing care for adult survivors of child maltreatment: a systematic review of the literature*. *Perspect Psychiatr Care*. 2012;51:71-78.

WHO (2014). *Global status report on violence prevention 2014*. Sótt af: file:///C:/Users/Lenovo/Downloads/9789241564793_eng.pdf

Viðaukar

Viðauki 1

Verndarar barna – fyrir námskeið spurningar

1. Kyn:
2. Fæðingarár:
3. Búseta (sveitarfélag):
4. Menntun:
5. Starf:
6. Kynferðislegt ofbeldi á börnum á sér stað í öllum tegundum fjölskyldna, óháð menntun, tekjum eða stöðugleika.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

7. Meira en 50% þeirra barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi voru beitt því af ókunnugum aðila.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

8. Það eru engin lög sem kveða á um að manni beri skylda til að tilkynna grun um kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

9. Ef barn skýrir mér frá kynferðislegu ofbeldi á ég EKKI að spyrja ákveðinna spurninga því spurningar mínar gætu haft áhrif á frásögn barnsins um hvað gerðist.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

10. Yfirleitt eru merki um kynferðislegt ofbeldi EKKI augljós.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

11. Þegar barn er í umsjá fjölskyldumeðlims eða annarrar barnapíu – myndi það hjálpa til við að vernda barnið gegn kynferðislegu ofbeldi ef annar fullorðinn einstaklingur myndi óvænt kíkja í heimsókn til að tryggja að aðstæðurnar séu í augsýn annarra og aðgangur annarra auðveldur.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

12. Strákar eru líklegri til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en stúlkur.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

13. Börn eru líkleg til að segja einhverjum frá því ef þau hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

14. Barn sem beitt er kynferðislegu ofbeldi gæti skyndilega tekið upp á því að þissa undir á næturnar eða fá endurteknar martraðir.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

15. Samkvæmt skilgreiningu laga nær hugtakið „kynferðislegt ofbeldi á börnum“ yfir hvers konar kynferðislega snertingu á börnum – en tekur ekki til þess ef börnum er sýnt klámfengið efni.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

16. Rannsóknir sýna að færri en 5% barna sem nota internetið fá kynferðisleg tilboð eða hvatningu.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

17. Barnaverndarstofa og lögreglan eru þeir tveir aðilar sem taka á móti flestum tilkynningum um kynferðislega misnotkun.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

18. Meira en 50% unglingsstúlkna sem verða ófrískar hafa áður verið beittar kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

19. Til að koma í veg fyrir að börn þeirra verða fyrir kynferðislegu ofbeldi ættu foreldrar að leggja meiri áherslu á að vernda börn sín gegn ókunnugum en fólki sem þau þekkja.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

20. Félög og stofnanir sem vinna með ungmennum og vilja vernda þau gegn kynferðislegu ofbeldi ættu að kanna vel bakgrunn alls starfsfólks og sjálfbóðaliða; skoða sakavottorð, taka viðtöl og tala við vini umsækjenda og fyrri vinnuveitendur.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

21. Flestir þeirra sem beita börn kynferðislegu ofbeldi skipuleggja það ekki fyrirfram. Ofbeldið á sér stað fyrirvaralaust og án nokkurrar skipulagningar í aðstæðum þar sem gerandinn er fyrir tilviljun með barninu.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

22. Fullorðnir ættu að ræða um kynferðislegt ofbeldi við börn – jafnvel börn yngri en 5 ára. Þannig umræður gera þeim kleift að skilja hugtök á borð við „kynferðisleg mörk“.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

23. Rannsóknir hafa leitt í ljós að það koma í veg fyrir að barn og fullorðinn einstaklingur séu ein saman hefur EKKI marktæk áhrif þegar kemur að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

24. Jafn mörg börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru í hópi þeirra barna sem eru yngri en 9 ára og þeirra sem eru eldri en 9 ára (miðgildisaldur þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er 9 ára).

Sammála/Ekki viss/Ósammála

25. Foreldrar ættu EKKI að hafa of miklar áhyggjur af eldri eða stærri ungmennum sem líta eftir börnum þeirra þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að einungis lítil prósentu kynferðisbrotamanna eru ungmenni sem eru eldri eða stærri en fórnarlömbin.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

26. Ég tel að meirihluti fullorðinna sé í afneitnun varðandi hversu algengt og útbreitt kynferðislegt ofbeldi á börnum er.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

27. Ég tel að mjög fáar forvarnaraðgerðir geti skilað árangri þegar kemur að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

28. Ég lít á það sem skyldu mína að skipta mér af ef mig grunar að verið sé að beita barn kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

29. Ég er þeirra skoðunar að þó svo kynferðislegt ofbeldi sé algjörlega skelfileg, þegar það á sér stað – þá sé þetta vandamál ekki nógu algengt til að skólar, foreldrar, trúar- og íþróttafélög fari að gera forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi að forgangsmátriði í starfi sínu.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

30. Ég tel mig vita hvað ég á að gera ef barn tilkynnir mér um kynferðislegt ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

Viðauki 2

Verndarar barna – fyrir námskeið fullyrðingar.

Merktu við þau atriði sem þú hefur gert undanfarna 6 mánuði:

- Ég hef spurt starfsmann í skóla, leikskóla, íþróttafélagi, kirkju félagsmiðstöðvum eða tómstundastarfi barna og ungmenna um stefnu félagsins eða stofnunarinnar varðandi athuganir á bakgrunni starfsmanna og sjálfbóðaliða sem vinna með börnum og unglingum.
- Ég hef spurt starfsmann í skóla, leikskóla, íþróttafélagi, kirkju, félagsmiðstöðvum eða tómstundastarfi barna og ungmenna um stefnu félagsins eða stofnunarinnar varðandi einkafundi barns og fullorðins einstaklings í daglegu starfi.
- Ég hef óvænt komið í heimsókn þar sem fullorðinn einstaklingur hefur verið að vinna með barni til þess eins að ganga úr skugga um öryggi barnsins.
- Ég hef tekið ákvörðun um að barn ætti ekki að taka þátt í atburði eða félagsstarfi vegna hugsanlegrar hættu á kynferðislegu ofbeldi.
- Ég hef fylgst með notkun barns á Internetinu.
- Ég hef látið í ljós áhyggjur mínar varðandi aðstæður þar sem eldri börn eða ungmenni eru að gæta yngri barna.
- Ég hef kannað skrár yfir kynferðisafbrot og aðrar sakaskrár til að ganga úr skugga um að einstaklingur sem er að gæta barna hafi ekki gerst sekur um kynferðisbrot.
- Ég hef spurt barn um þann tíma sem hann eða hún hefur eytt með fullorðnum einstaklingi til að komast að því hvort barninu virðist þykja

óþægilegt að ræða það, er leyndardómsfullt eða fer undan í flótta þegar þær samverustundir ber á góma.

- Ég hef formlega tilkynnt grun um kynferðislegt ofbeldi til lögreglu eða barnaverndaryfirvalda.
- Ég hef rætt við annan fullorðinn einstakling um áhyggjur mínar um að ákveðinn einstaklingur sé husganlega að koma barni í þá aðstöðu að það geti husganlega orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.
- Ég hef persónulega tekið viðtal við og athugað meðmæli umsækjanda áður en gengið var frá ráðningu aðila sem ætlað var að hafa umsjón með börnum.
- Ég hef séð til þess að þegar fullorðinn einstaklingur hefur verið að líta eftir eða leiðbeina barni eða hópi af börnum þá hefur það verið í augsýn annarra og á stað sem aðrir eiga óheftan aðgang að.
- Ég hef séð til þess að fleiri en einn fullorðinn einstaklingur sé viðstaddur atburði sem börn taka þátt í.
- Ég hef rætt við annan fullorðinn einstakling um markvissar aðgerðir og leiðir til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.
- Ég hef rætt um kynferðislegt ofbeldi á börnum við barn eða ungling.

Viðauki 3

Verndarar barna – eftir námskeið fullyrðingar.

Hverjar af eftirfarandi forvarnaraðgerðum ert þú algjörlega sannfærður um að þú munir framkvæma eða algjörlega sannfærður um að þú munir EKKI framkvæma á næstu 6 mánuðum.

1. Spyrja starfsmann í skóla, leikskóla, íþróttafélagi, kirkju, félagsmiðstöðvum eða tómstundastarfi barna og ungmenna um stefnu félagsins eða stofnunarinnar varðandi athuganir á bakgrunni starfsmanna og sjálfbóðalita sem vinna með börnum og unglingum.
 - Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
2. Spyrja starfsmann í skóla, leikskóla, íþróttafélagi, kirkju, félagsmiðstöðvum eða tómstundastarfi barna og ungmenna um stefnu félagsins eða stofnunarinnar varðandi einkafundi barns og fullorðins einstaklings í daglegu starfi.
 - Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
3. Kíkja óvænt í heimsókn þar sem fullorðinn einstaklingur hefur verið að vinna með barni til þess eins að ganga úr skugga um öryggi barnsins.
 - Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta

- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
4. Taka ákvörðun um að barn eigi ekki að taka þátt í atburði eða félagsstarfi vegna hugsanlegrar hættu á kynferðislegu ofbeldi.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
5. Fylgjast með notkun barns á Internetinu
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
6. Láta í ljós áhyggjur mínar varðandi aðstæður þar sem eldri börn eða ungmenni eru að gæta yngri barna.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
7. Kanna skrár yfir kynferðisafbrot og önnur afbrot til að ganga úr skugga um að einstaklingur sem er að gæta barna hafi ekki gerst sekur um kynferðisbrot.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
8. Ræða við barn um þann tíð sem hann eða hún eyðir með fullorðnum einstaklingi til að komast að því hvort barninu þyki

Óþægilegt að ræða það, er leyndardómsfullt eða fer undan í flæmingi þegar þær samverustundir ber á góma.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

9. Senda lögreglu eða barnaverndaryfirvöldum formlega tilkynningu um grun um kynferðislegt ofbeldi.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

10. Ræða við annan fullorðinn einstakling um áhyggjur mínar um að ákveðinn einstaklingur sé hugsanlega að koma barni í aðstöðu sem eykur hættu á að það verði fyrir kynferðislegu ofbeldi.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

11. Taka viðtal við og athuga meðmæli umsækjanda áður en gengið er frá ráðningu hans í starf þar sem honum er ætlað að hafa umsjón með börnum.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

12. Sjá til þess að þegar fullorðinn einstaklingur er að líta eftir eða leiðbeina barni eða hópi af börnum þá sé það í augsýn annarra og á stað sem aðrir eiga óheftan aðgang að.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
13. Sjá til þess að fleiri en einn fullorðinn einstaklingur sé viðstaddur atburði sem börn taka þátt í.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
14. Ræða við annan fullorðinn einstakling um markvissar aðgerðir og leiðir til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
15. Ræða um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum við barn eða ungling.
- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
 - Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta
16. Gera barni ljóst að það að segja „NEI“ við fullorðinn einstakling sé bæði leyfilegt og viðeigandi.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

17. Eiga viðræður við barn eða ungling um kynferðisleg mörk og hvernig standa eigi vörð um þau.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

18. Tala við barn eða ungling um kynþroska og/eða kynhegðun.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

19. Hlusta vandlega á barn sem segir mér frá óþægilegri reynslu sinni í samskiptum við fullorðinn einstakling.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

20. Vera vakandi fyrir merkjum um kynferðislegt ofbeldi hjá barni sem er í minni umsjá.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

21. Leita upplýsinga á vefnum eða annars staðar um tölfræðilegar staðreyndir sem lúta að kynferðislegu ofbeldi á börnum.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

22. Lesa bók eða ljúka þjálfun í aðferðum sem miða að því að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

23. Láta til mín taka í aðstæðum þar sem ég tel að barn sæti kynferðislegu ofbeldi.

- Algjörlega sannfærður um að ég muni gera þetta
- Nokkuð viss um að ég muni gera þetta
- Nokkuð sannfærður um að ég muni EKKI gera þetta

Viðauki 4

Verndarar barna – spurningar eftir þjálfun

1. Kyn:
2. Fæðingarár:
3. Búseta (sveitarfélag):
4. Menntun:
5. Starf:
6. Landslög skylda ALLA einstaklinga, sem hafa grun um að ofbeldi eigi sér stað, til að tilkynna það til yfirvalda.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

7. Um það bil 40% af þeim sem beita kynferðislegu ofbeldi eru ungmenni sem eru ýmist eldri eða stærri en þolendurnir.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

8. Jafn mörg börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru í hópi þeirra barna sem eru yngri en 9 ára og þeirra sem eru eldri en 9 ára (miðgildisaldur þeirra barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi er 9 ár).

Sammála/Ekki viss/Ósammála

9. Kynferðislegt ofbeldi á börnum á sér aðallega stað í fjölskyldum sem búa við fátækt, óstöðugleika og óreglu.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

10. Af öllum þeim börnum sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi hafa 90% þeirra þekkt gerandann.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

11. Ein af hverjum fjórum stúlkum og einn af hverjum sex drengjum eru beitt kynferðislegu ofbeldi áður en þau verða 18 ára.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

12. Þeir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi lokka börn oft til sín með því að gefa þeim gjafir, eyða tíma með þeim eða bjóðast til að hjálpa foreldrum þeirra.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

13. Ef barn segir mér frá kynferðislegu ofbeldi ætti ég að spyrja ákveðinna spurninga til að ganga úr skugga um hvort frásögnin er sönn og til að komast að því hvað námkvæmlega gerðist.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

14. Átraskanir gera gjarnan vart við sig hjá þeim sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

15. Meirihluti kynferðisbrotamanna hafa beitt yfir 400 börn kynferðislegu ofbeldi (eiga sér yfir 400 fórnarlömb).

Sammála/Ekki viss/Ósammála

16. Rannsóknir sýna að a.m.k. eitt af hverjum 5 börnum sem nota internetið fá kynferðislegar beiðnir og tilboð.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

17. Börn sem eru misnotuð kynferðislega kvarta oft undan eymslum í líkamanum.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

18. Þegar barn er í umsjá fjölskyldumeðlims eða annarra barnapíu þá er ekki hægt að beita neinum áhrifaríkum aðferðum til að vernda barn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

19. Til að vernda börn gegn kynferðisbrotamönnum á netinu ættu þau ekki að hafa aðgang að tölvum í herbergjum sínum.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

20. Oft segja börn ekki frá kynferðislegu ofbeldi vegna þess að brotamennirnir rugla þau í ríminu um hvað sé rétt og hvað sé rangt.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

21. Félög og stofnanir sem vinna með ungmennum og hafa kannað sakaskrá starsemanna sinna hafa gert allt sem þau gert til að tryggja öryggi þeirra barna og unglínga sem viðkomandi starfsmenn og sjálfboðaliðar eiga að vinna með.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

22. Fullorðnir ættu EKKI að tala um kynferðislegt ofbeldi við börn yngri en 7 ára því það opinberar fyrir þeim kynferðislega hegðun sem þau eru allt of ung til að skilja.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

23. Yfirleitt eru merki um kynferðislegt ofbeldi augljós.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

24. Barnaverndarnefndir eru einu stofnanirnar sem taka á mótí tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi á börnum.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

25. Félög og stofnanir sem vinna með börnum og unglíngum ættu að koma í veg fyrir samskipti barns og fullorðins einstaklings undir fjögur augu: Einkafundi barns og starfsmanns/sjálfbodaliða – með því fyrir augum að vernda börn gegn mögulegu kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

26. Ég er þeirra skoðunar að kynferðislegt ofbeldi á börnum sé raunverulegt og umfangsmikið vandamál og að það ætti að vera forgangsverkefni skóla, trúar- og íþróttafélaga sem og foreldra að koma í veg fyrir það.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

27. Ég er þeirra skoðunar að umræða um kynferðislegt ofbeldi sé ekki femnismál og held að flestir fullorðnir einstaklingar séu ákveðnir og spyrji stofnanir og félög um stefnu þeirra og aðgerðir sem miða að því að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

28. Ég trúi því að færri börn myndu verða fyrir kynferðislegu ofbeldi ef hinir fullorðnu tækju meðvitaðri ákvarðanir um þá aðstöðu og kringumstæður sem börn eru sett í.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

29. Ég er þeirra skoðunar að öll þessi athygli sem kynferðislegt ofbeldi hefur fengið hafi leitt til hálfgerðar móðursýki.

Sammála/Ekki viss/Ósammála

30. Ég tel mig vita hvað ég á að gera ef barn segir mér frá kynferðislegu ofbeldi.

Sammála/Ekki viss/Ósammála